



SKOÐUN Valgerður Bjarnadóttir skrifar um Búkollu og fjós sérhagsmunaflanna. **12**



MENNING Boðið er upp á rökræður við Einar M. Jónsson um Örlagaborgina í kvöld. **17**



SPORT Teitur Örlýgsson segir ekkert hæft í því að Stjarnan sé með dýrasta liði Íslandssögunnar. **20**

VERÐFALL KR. **9.750**
35% AFSLATTUR

Rafha
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
www.rafha.is

HEILSUGRILL

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
15. apríl 2013
87. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Færri dauðadómar

Að minnsta kosti 682 voru í fyrra teknir af lífi í heiminum, að því er fram teknið í skýrslu Amnesty International. Fjöldinn er svipaður og 2011. **4**

Vilja torvelða byssukaup Áhrifamiklir öldungaeildarþingmenn í Bandaríkjunum beita sér fyrir nýrri löggjöf sem torveldar byssukaup. **6**

Fornleifar ónýtt auðlind Uppbygging minjastaða er sögð vera nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu ferðaþjónustunnar í landinu. **8**

Reyna á að semja við N-Kóreu Utanríkisráðherra Bandaríkjanna ræðir við leiðtoga nágrannaríkja N-Kóreu. **10**

Sveitarfélög skoða kerfi hraðvagna fyrir stoðleiðir

Hugmynd að hraðvagnakerfi á höfuðborgarsvæðinu er skoðuð af alvöru hjá skipulagsyfirvöldum sveitarfélaga. Eykur hraða og áreiðanleika almenningsgangna. Kostar bara brotabrot af því sem lestarkerfi myndi kosta.

SAMGÖNGUR Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skoða uppsetningu hraðvagnakerfis, sem er strætisvagnakerfi fyrir stofnleiðir. Um er að ræða samgöngukerfi sem bætir hraða og áreiðanleika almenningsgangna verulega. Hraðvagnar eru ódýr lausn í samanburði við aðra kosti, eins og léttlestakerfi sem hefur verið til skoðunar.

„Lestarkerfi á gúmmihjólum“ er lausnin kölluð í skýrslu tveggja umferðarverkfræðinga hjá verkfræðistofnunni Mannviti. Þeir unnu verkefnið með styrk frá Vegagerðinni, en stjórn Strætó bs. fjallaði um hugmyndina í lok síðasta árs. Samgöngumáttinn er einn þeirra sem til-

greindir hafa verið í stefnumiðum Strætó fram til ársins 2021.

Á síðustu vikum hefur hugmyndin verið kynnt innan stjórnkerfis allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og er til vinnslu hjá skipulagsnefndum þeirra.

Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, segir um mjög spennandi kost að ræða. Ekki síst komi hraðvagnakerfi til greina vegna þess hversu ódýrt það sé miðað við aðra kosti. „En þetta er það sem við höfum verið að horfa á fyrir stærri og lengri flutningsleiðir á milli sveitarfélaga og úr efri hverfum. Í skoðun er að þróa þær leiðir í þessa átt.“

Páll segir að skrefið sé jafnvel styttra en margur heldur þar sem strætókerfið beri keim af slíku kerfi; miðað sé við að farþegi þurfi að skipta sem minnst á milli vagna. Eins verði á Íslandi líklega um blandað kerfi að ræða þar sem mun fjölmennari byggð þurfi að standa að baki hreinu hraðvagnakerfi, eins og þekkt er víða í Suður-Ameríku. Hins vegar séu þessi kerfi þekkt í fjölmörgum borgum og reynist víða góð lausn, jafnvel til hliðar við lestarkerfi eins og í New York.

Stjórn SSH hefur ályktað að hraðlestakerfið verði skoðað í tengslum við endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og einstök



Þetta er það sem við höfum verið að horfa á fyrir stærri og lengri flutningsleiðir.

Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur

sveitarfélög, eins og Hafnarfjörður, skoða málið í tengslum við breytingar á aðalskipulagi. - shá / sjá síðu 6

SHALDÖR 12

Bolungarvík	-3°	NA	8
Akureyri	1°	NNV	6
Egilsstaðir	2°	NNV	5
Kirkjubæjarkl.	8°	NA	5
Reykjavík	5°	NA	8

Dregur úr vindi og verður víða fremur hægur vindur síðdegis. Snjócoma eða él norðanlands en slydda eða rigning austan til. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk

FÓLK 6. apríl

FASTEIGNIR.IS

LANDMARK

100% þjónusta = árangur

Nýtt fjölbýli í Garðabæ



RÝNT Í FJÁRSJÓÐ Þór Magnússon, fornleifafræðingur og fyrrverandi þjóðminjavörður, rýnir hér í forlata silfurskál á greinngadei Þjóðminjasafnsins. Sérstök áhersla var lögð á silfurmunni í ár í tilefni útgáfu bókarinnar Íslensk silfursmið, eftir Þór sjálfan, sem kom út fyrir helgi. Hann hefur rannsakað íslenska silfursmið um áratuga skeið. Sjá síðu 2

Fjallvegir illfærir nyrðra: Stjórnunðu umferð í flughálfu

SAMGÖNGUR Stórhrið gerði víða á Norðurlandi og Vestfjörðum og illfært var um þjóðvegi þar í gærkvöldi. Á þjóðvegi 1 um Bakkaselsbrekku efst í Öxnadal festust tvær rútur og runnu út af veginum svo björgunarsveitir þurfti að kalla til. Engum varð meint af en sveitirnar stjórnunðu umferð um flughála brekkuna og snéru vanbúnum bílum við.

„Við fengum tilkynningu um þrjá fasta bíla í Bakkaselsbrekku í hádeginu,“ sagði Magnús Viðar Arnarson, formaður Súlna í gærkvöldi. Umferð var stöðvuð um veginn á meðan verið var að ná rútunum aftur upp á veg.

Veginum um Ólafsfjarðarmúla var lokað vegna snjóflóðahættu í gærkvöldi. Ófært var um fjallveggi á Vestfjörðum og þeir lokaðir í allan gærdeg. - bph / sjá síðu 4

Útlit er fyrir að 72 framboðslistar verði í kjöri í þingkosningunum: Öll flokkaframboð metin gild

STJÓRNSÝSLA Alls hafa 66 framboðslistar um allt land verið úrskurðaðir gildir fyrir alþingiskosningar 27. apríl. Sex framboðslistar til viðbótar hafa frest þar til í dag til að lagfæra meðmælendalista en fastlega er búist við því að þeir verði einnig úrskurðaðir gildir.

Yfirkjörstjórnir í kjördæmunum sex fóru um helgina yfir þá framboðslista sem bærust vegna þingkosninganna og skáru úr um lögmæti þeirra. Fimm yfirkjörstjórnir luku yfirferðinni um helgina en sex framboð í Reykjavíkurborg og einn í Reykjavíkurborg fengu frest til hádegis í dag til að lagfæra meðmælendalista. Úrskurðað verður um lögmæti þeirra í kjölfarið.

Alls bjóða ellefu flokkar fram í öllum kjördæmum. Þeir eru Björt framtíð, Dögum, Flokkur heimilanna, Framsóknarflokkurinn, Hægri grænir, Lýðræðisvaktin, Píratar, Regnboginn, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri hreyfingin grænt framboð.

Par að auki býður Landsbyggðarflokkurinn fram í Norðvesturkjördæmi og K-listi Sturlu Jónssonar í Reykjavíkurborg kjördæmi suður auk þess sem Húmanistaflokkurinn og Alþýðufylkingin bjóða fram í báðum Reykjavíkurborg kjördæmunum. Ekkert framboð sem barst hefur verið úrskurðað ógilt ef frá eru skilin framboð fimm einstaklinga sem tilkynntu um framboð en

72 FRAMBOÐSLISTAR

Sjötíu og tveir listar verða í kjöri í Alþingiskosningunum 27. apríl. Af þeim hafa sex fengið frest þar til í dag til að lagfæra meðmælendalista.

stóðu ekki skil á tilskildum gögnum. Þeir heita Arngrímur Pálmason, Benedikt Stefánsson, Ragnar Einarsson, Sturla Jónsson og Guðbjörn Jónsson. Sturla býður þó líklega fram ásamt lista í Reykjavíkurborg kjördæmi suður. - mbl

ÞINN DAGLEGI

fróosh
fruit: bottled

goji: strange name, super fruit.

Enginn sykur
Engin aukaefti

Hver flaska af fróosh inniheldur 100% ferska ávexti!

Heimilis RIFINN OSTUR

370 g

100% ÍSLENSKUR OSTUR

SPURNING DAGSINS



Edda, færðu greiðslu?

„Nei, ég tek ekki þátt í hártögunum.“

Edda Blumenstein heldur úti vefsíðunni Hárið.is sem fjallar um hár og hártísku.

Kosið var í Venesúela til þess að finna eftirmann Hugo Chavez:

Maduro talinn sigurstranglegrí

VENESÚELA, AP Forsetakosningar í Venesúela fóru fram í gær, þær fyrstu eftir dauða Hugo Chavez forseta sem lést í síðasta mánuði.

Tveir frambjóðendur voru taldir líklegastir til að ná árangri í kosningunum, Nicolás Maduro, sitjandi forseti og eftirmaður Chavez, og Henrique Capriles, frambjóðandi hægrimanna.

Capriles bauð einnig fram í forsetakosningunum árið 2012 gegn Chavez en varð að lúta í lægra haldi. Samt sem áður varð hann vinsæl-

asti andstæðingur forsetans fyrrverandi síðan sósíalistar komust til valda árið 1999.

Stjórnarliðar hvöttu fólk alls staðar í landinu til að fara á kjörstað í gær. Maduro er talinn sigurstranglegrí fari fleiri á kjörstað enda var Chavez vinsæll og Maduro hefur heitið því að fylgja stefnu hans.

Niðurstöður skoðanakannana síðustu vikna segja Maduro hafa forskot þó Capriles hafi sótt á undanfarið. Þess er vænst að úrslit kosninganna verði tilbúin í dag. - bph



MADURO Forsetaefni sósíalista veifar til fjöldans þegar hann mætir á kjörstað ásamt fjölskyldu sinni í Karkas, höfuðborg Venesúela í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Meðlimur í bifhjólasamtökum: Handtekinn fyrir líkamsárás

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri var handtekinn fyrir alvarlega líkamsárás á skemmtistaði í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags. Sá sem fyrir árásinni varð er á svipuðum aldri og var með slæma áverka. Ekki fengust frekari upplýsingar um líðan hans.

Í tilkynningu frá lögreglunni segir að árármaðurinn sé meðlimur í mótorgjólasamtökum. Hann var í mjög annarlegu ástandi og á honum fundust fíkniefni. - bph



AF SLYSSTAÐ Í fyrstu var ekki ljóst hvernig slysið bar að en engin bremsuför fundust á brúnni þar sem rútan fór út af. NORDICPHOTOS/AFP

Fimm ungmenni létust í rútuslysi í Antwerpen:

Rúta fór fram af brú í Belgíu

BELGÍA, AP Rútu sem flutti ungmenni frá Rússlandi var ekið fram af brú í Antwerpen í Belgíu í gær með þeim afleiðingum að fimm létust og tólf slösuðust, þar af fimm alvarlega. Engin tilraun virðist hafa verið gerð til þess að stöðva rútna áður en hún fór fram af brúnni og er því talið að bílstjórnin hafi sofnað undir stýri.

Þeir sem létust voru bílstjórnin, fullorðinn leiðsögumaður og þrjú ungmenni. Um borð voru 42 manns, mest ungmenni sem ferðudust með rútnu frá Volgograd í Rússlandi á leið til Parísar. - bph

Sprengdi sig úr fangelsi:

Strokufanginn enn ófundinn

FRANKLAND Enn hefur ekkert spurst til Redoine Faïd, strokufangans sem sprengdi sér leið út úr Sequedin-fangelsi nærri Lille í norðurhluta Frakklands á laugardag. Hann er alræmdur rænningi og þekktur glæpamaður í Frakklandi, að sögn breska ríkisútvápsins.

Faïd tók gíslna þegar hann flúði fangelsið. Sprengiefnið á hann að hafa fengið í heimsókn konu sinnar í fangelsið. Gíslana frelsaði hann alla áður en hann lagði á flotta í bíl sem fannst brunninn við hraðbraut sunnan Lille.

Ríkissaksóknari í Frakklandi segir Faïd vera sérlega hættulegan fanga. - bph

Sjálfstæðismenn funduðu:

Bjarni verður áfram formaður

STJÓRNMÁL Bjarni Benediktsson hyggst halda áfram sem formaður Sjálfstæðisflokksins. Þetta tilkynnti Bjarni á fjölmennum fundi Sjálfstæðismanna í Fjölbautaskólanum í Garðabæ á laugardag.

Í kosningaþætti í Ríkissjónvarpinu á fimmtudagskvöld sagði Bjarni að hann væri að íhuga að segja af sér sem formaður. Fyrr sama dag hafði Viðskiptablaðið birt niðurstöður könnunar sem bentu til þess að fylgi Sjálfstæðisflokksins væri umtalsvert meira ef Hanna Birna Kristjánsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, væri formaður flokksins í stað Bjarna. - mþl

Fengu til greiningar fágætt stökkabelti

Greiningadagur Þjóðminjasafnsins fór fram í gær. Sérfræðingar safnsins greindu að þessu sinni silfurgrípi í eigu almennings. Greining snýst um aldur og uppruna en ekki verðgildi. Eigendur gripa vilja fá sögu þeirra staðfesta af sérfræðingum.

FÓLK „Við báðum sérstaklega um silfur núna því það er silfurþema hjá Þjóðminjasafninu í ár. Fólk hefur komið með stökkabelti, nælur, skeiðar og aðra smámuni úr silfri og látið meta þá. Svo hafa aðrir mætt með ýmsa aðra gripri líkt og dúkkur,“ segir Bryndís Sværisdóttir, sviðsstjóri miðlungs sviðs Þjóðminjasafnsins. Í gær bauðst almenningi að koma með eigin gripri í greiningu til sérfræðinga Þjóðminjasafnsins á svokölluðum greiningadegi safnsins.

Greiningadagarnir hafa verið haldnir frá árinu 2007 og eru vel sóttir. Greining gripanna snýst um aldur þeirra, efni og uppruna en ekki verðgildi þeirra. Bryndís segir að oft séu mjög áhugaverðar sögur á bak við gripina. „Margir sem hingað koma vilja fá sögurnar í kringum gripina staðfesta. Eitt árið kom hingað kona með stökkabelti sem Ragnheiður Brynjólfssdóttir átti að hafa átt. Konan kom til þess að athuga hvort fjölskyldusagan gæti staðist. Við greiningu kom í ljós að beltíð var frá þeim tíma sem Ragnheiður var uppi og sagan gat því vel verið sönn.“

Greiningarnar eru þó ekki aðeins fróðlegar fyrir eigendur gripanna heldur einnig fyrir sérfræðinga safnsins sem gefst þá kostur að sjá ýmsa áhugaverða gripri sem leynast á heimilum landsmanna. „Í dag kom ein með stökkabelti eftir smíð sem mjög lítið er til eftir. Sá hét Einar Skúlason frá Tannstaðabakka í Hrutafirði og það var athyglisvert að fá að sjá þann grip,“ segir Bryndís. sara@frettabladid.is



RÝNT Í SILFRID Pór Magnússon, fyrrum þjóðminjavörður, var á meðal þeirra sérfræðinga sem rýndu í gripri landsmanna á greiningadegi Þjóðminjasafnsins. Hér sést hann með stökkabelti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dularfullur gripur sem fannst á torfbæ



„Þetta er stykki af kolaofni, eða einhverju slíku. Ég fann þetta á gömlum torfbæ sem verið var að rífa og tók hann með mér því mér fannst þetta vera sérstakur gripur, sem þetta greinilega er fyrst að fornleifafræðingarnir þekkja hann ekki,“ segir **Vilhjálmur Steingrímsson** um grip sem hann lét meta á greiningadegi Þjóðminjasafnsins. Vilhjálmur býr á Hofsósi en átti erindi til Reykjavíkur í gær og ákvað að láta skoða gripinn í leiðinni.

Aðspurður segist hann þó lítils vísari um gripinn dularfulla sem honum áskotnaðist í kringum 1960. „Pór [Magnússon] hafði aldrei séð svona hlut áður. Hann taldi að þetta væri af ofni og að hann sýni einhvern guð sem haldi á nægtarhorni. Ég hef haft gripinn á arinhillunni hjá mér og ætla að hafa hann þar áfram, hann á best heima þar.“

Meirihluti landsmanna er andvígur því að fleiri álver verði reist á Íslandi:

Andstaða við Bjarnarflagsvirkjun

UMHVERFISMÁL Meirihluti landsmanna er andvígur því að fleiri álver verði reist á Íslandi. Þá eru umtalsvert fleiri andvígur virkjunarframkvæmdum í Bjarnarflagi við Mývatn en eru þeim fylgjandi.

Þetta leiðir skoðanakönnun Capacent Gallup í ljós sem unnin var fyrir Landvernd og var kynnt á aðalfundi félagsins á laugardag. Bygging niðurstöðurnar á svörum 862 einstaklinga en alls var leitað til 1.450 við gerð könnunarinnar.

Reyndust 43,6% svarenda vera andvíg Bjarnarflagsvirkjun en 30,5% henni hlynt. Ríflega fjórðungur svarenda var ekki viss. Þegar spurt var um afstöðu til byggingar fleiri álvera hér á landi sögðust 51,3% svarenda vera því andvíg en 30,9% voru því hlynt. Landsvirkjun ráðgerir að reisa



MÝVATN Landvernd telur óvissu vera um áhrif Bjarnarflagsvirkjunar á lífríki Mývatns. Umhverfismat vegna ráðgerðar framkvæmdar er tíu ára gamalt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

45 til 90 megavatta virkjun í Bjarnarflagi en Bjarnarflagi er í orkunýtingarflokki rammaáætlunar.

Landvernd hefur að undanförunu gagnrýnt þessa fyrirhuguðu framkvæmd á þeim forsendum að óvissa sé um áhrif hennar á lífríki Mývatns. Umhverfismat vegna virkjunarinnar er orðið tíu ára gamalt og telur Landvernd að

það þurfi að uppfæra. Félagið hefur því hvatt til þess að Bjarnarflagi verði fært í biðflokk rammaáætlunar á meðan möguleg áhrif á lífríki vatnsins eru rannsökuð.

Þá hefur Landvernd efnt til undirskriftasöfnunar á netinu til að styðja við þessa kröfu. Í gærkvöldi höfðu ríflega 7.400 einstaklingar skrifað undir. - mþl

ÞÉR ER BOÐIÐ Á
OPINN STJÓRN MÁLAFUND

ALLIR
VELKOMNIR



Fundur um mannréttindi með frambjóðendum
Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi

Í kvöld kl. 20 í Kragakaffi, Hamraborg 1-3.

Rjúkandi kaffi og líflegar umræður.

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU





Hagkvæmur og
vistvænn innlendir
orkugjafi

Bjartey Sigurðardóttir, verkfræðingur



Sparnaður og lúxus fara
einstaklega vel saman
í Highline útfærslunni

Ingimar Sigurðsson, forstöðumaður



Núna er helmingi ódýrara
að skreppa vestur í Ólafsvík.
Það munar um minna.

Kristín Kjartansdóttir og Þorgrímur Benjamínsson



Volkswagen Passat EcoFuel, bíll ársins 2012

Volkswagen Passat eigendur eru ánægðir með metanið

Eigendur Passat EcoFuel taka þátt í því að minnka losun koltvísýrings í andrúmsloftið, spara dýrmætan gjaldeyri með því að nota íslenskan orkugjafa og lækka eldsneytiskostnaðinn um nær helming.

Passat TSI EcoFuel sjálfskiptur kostar

4.690.000 kr.

Meðaleyðsla 6,8 l / 100 km bensín, 6,6 m³ 4,3 kg / 100 km metan m.v. blandaðan akstur.

Vissir þú að auk 22 kg metantanks, sem dugir í um 430 km akstur, er Passat EcoFuel einnig með 31 lítra bensíntank sem þú kemst á um 450 km miðað við langkeyrslu.

Staðalbúnaður í Passat Comfortline

- Armpúði milli framsæta
- 16" álfelgur 7J
- Hiiti í framsætum og rúðusprautustútum
- Hliðarloftþrúðar að framan
- Hraðastillir
- ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla
- Krómlisti við hliðarrúður
- Langbogar á þaki (svartir) Variant
- Viðgerðarsett fyrir hjólbarða (EcoFuel) og viðvörunarþríhyrningur
- Leður á gírstöng
- Loftkæling
- RCD 310 MP3 geislasplari með útvarpi
- Regnskynjari á rúðupurkum
- Spegill með ljósi í sólskyggni báðum megin
- Upplýsingatölva í mælaborði
- Varadekk í fullri stærð (TDI og TFSI)
- Þokuljós með beygjustýringu
- RCD315 útvarp með leiðsögukerfi (Ísland)
- Bakkmyndavél



Das Auto.

GENGID
12.04.2013

	Bandaríkjadalur	118,58	119,14
	Sterlingspund	182,28	183,16
	Evra	154,83	155,69
	Dönsk króna	20,764	20,886
	Norsk króna	20,700	20,822
	Sænsk króna	18,598	18,706
	Japanskt jen	1,1945	1,2015
	SDR	178,37	179,43

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
211,8293

Björgunarsveitin Súlar á Akureyri hjálpaði öikumönnum á Öxnadalsheiði: Bílum hleypt í hollum á heiðina

SAMGÖNGUR Tvær rútur festust í miklu fannfergi á leið ofan af Öxnadalsheiði á þjóðvegi 1 í gær og runnu út í vegkant. Engum varð meint af en björgunarsveit var kölluð til aðstoðar. Um var að ræða rútu og strætisvagn í áætlunarferð á milli Reykjavíkur og Akureyrar. Stórhrið gerði nyrðra og varð víða ófært eða þungfært. Þá var Ólafsfjarðarmúla lokað vegna snjóflóðahættu í gærkvöldi. Undir snjónum var mikil hálka og því illfært fyrir óútbúna bíla.

Björgunarsveitin Súlar á Akureyri greip því til þess ráðs að hleypa bílum í litlum hópum á heiðina svo allt gengi greiðlega fyrir sig. Þá voru bílstjórar flutningabíla og hópbíla beðnir um að leggja á heiðina með keðjur á dekkjunum. „Það er fljúgandi hált í brekkunni og bílar á sumardekkjum eiga ekkert erindi þangað,“ segir Magnús Viðar Arnarson, formaður Súlna. Í dag spáir Veðurstofa Íslands áframhaldandi snjókomu í Eyjafirði og norðan kuli eða голу. - bph



SJÓMOKSTUR Vetrartíð er enn á Norðurlandi og Vestfjörðum. Kalla þurfti til björgunarsveitir í gær til að hjálpa fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Engar vísbendingar fundist: Enn leitað að Önnu Kristínu

LEIT Enn hefur ekkert spurst til Önnu Kristínar Ólafsdóttur sem hefur verið leitað síðan á fimmtudagskvöld. Um 50 manns leituðu hennar í gær en fundað verður um framhald leitarinnar í dag. Um helgina var Önnu Kristínar meðal annars leitað á fjórum bátum auk þess sem notast var við þyrlu Landhelgisgæslunnar og kafbát. Engar vísbendingar hafa enn fundist um ferðir hennar en síðast sást til hennar í Vesturbæ Reykjavíkur. - mþl



GIÓSKUGOS Mikíð öskufall varð í eldgosinu í Eyjafjallajökli 2010. Gætir þess enn þegar vindur blæs ofan af heiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jákvæð teikn á lofti með færri dauðadómum í fyrra

Að minnsta kosti 682 voru teknir af lífi í í fyrra, að því er fram kemur í skýrslu Amnesty International. Heildarfjöldinn er svipaður og árið áður, en þó fjölgar enn í hópi ríkja sem hafa afnumið dauðarefsingar með lögum.

Sérstök veðurskiyrði: Svifriksmengun mældist mikil

NÁTTÚRA Loftgæði í Fljótshverfi, austan Kirkjubæjarklausturs, og í Reykjavík mældust langt yfir meðaltali í gær. Á vef Umhverfisstofnunar sýndu mælar að svifriksmengun væri sautjánfalt yfir viðmiðunarmörkum í hádeginu í gær. Við Grensásveg í Reykjavík var mengunin nærri fjórfalt yfir sömu viðmiðunarmörkum. Mengun mældist svo há í sérstökum veðurskiyrðum. Í gær stóð vindur úr norðaustri og blés ryki og öskuögnum ofan af jöklum. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofnunni hefur svifriksmengun mældist mikil í slíkum veðrum síðan í eldgosunum síðustu ár. - bph


MANNRÉTTINDI Þrátt fyrir að heildarfjöldi dauðarefsinga á heimsvísu sé lítt breyttur og fjöldi ríkja sem beiti dauðarefsingum sé sá sami, má greina jákvæða þróun í þessum máleflokki milli ára 2011 og 2012. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Amnesty International.

Alls er vitað til þess að 682 einstaklingar hafi verið teknir af lífi í 21 ríki í fyrra, sem er tveimur meira en árið áður. Það sem skekkir þá mynd er að nokkur ríki sem hafa ekki tekið fólk af lífi um hríð, meðal annars Japan, Indland og Pakistan, framkvæmdu aftökur í fyrra. Það sem helst er til vitnis um jákvæða þróun í þessum málum er að nokkuð færri dauðadómur voru kveðnir upp í fyrra en árið áður, 1.722 samanborið við 1.923, og í færri ríkjum en áður, úr 63 í 58. Samkvæmt staðfestum tölum biðu þó enn 23.386 einstaklingar aftöku eftir dauðadóm í árslok 2012.

Þá afnam Lettland dauðarefsingar úr lögum og verður þar með 97. ríkið til að gera slíkt, en alls hafa 140 ríki afnumið dauðarefsingar eða hætt að beita þeim. Hvíta-Rússland er eina Evrópuríkið þar sem dauðarefsingar tókast enn.

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir staðfestar tölur um aftökur í Kína gerir Amnesty fastlega ráð fyrir því að þar í landi skipti aftökur hundruðum árlega. Annað sætið á þessum lista skipar Íran með 314 aftökur hið minnsta, Írak er í þriðja sæti með 129 aftökur, sem er tvöföldun frá fyrra ári, og Sádi-Arabía er í fjórða sæti með 79 aftökur.

Fullnusta dauðarefsinga 2012



Bandaríkin eru í fimmta sæti með 43 aftökur og eina ríkið á vesturhveli þar sem slíkt tókast. Þetta er sami fjöldi og var árið áður en aðeins níu ríki Bandaríkjanna tóku fólk af lífi í fyrra, samanborið við þrettán ríki árið áður. Þá afnam Connecticut-ríki dauðarefsingar með lögum í fyrra og varð þar með sautjándi ríkið af fimmtíu til að gera slíkt.

Í skýrslu Amnesty segir að fátt bendi til þess að dauðarefsingar leiði til færri morða og annarra alvarlegra afbrota. Þeim sé víða beitt í pólitískum tilgangi meðal annars til skoðanakúgunar, jafnvel fyrir afbrot sem teljast ekki til alvarlegra glæpa, eða glæpa yfirhöfuð, samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum.

23.386 Í árslok 2012 biðu tæplega 24 þúsund manns aftöku eftir dauðadóm. Í fyrra voru uppkveðnir dauðadómur 201 færri en árið áður.

LEIÐRÉTT

Ranghermt var í frétt blaðsins á laugardag að Alþýðufylkingin sé í hópi framboða sem bjóði bara fram í einu kjördæmi. Hún býður fram í báðum Reykjavíkurkjördæmunum.

Rangt var farið með nafn Hlyns Tryggvasonar í frétt blaðsins um tilnefningar til Samfélagsverðlauna sem birt var á laugardag. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!
Opnðu eyrum þyrr tækibærinu

HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Veðurspá

DÁLÍTIL ÚRKOMA verður á landinu næstu daga, snjókomu eða él norðanlands en skúrir eða jafnvel slydduél sunnan til. Inn á milli sést til sólar því það verður bjart með köflum að minnsta kosti um hluta landsins.

Á morgun Strekingur NV-lands og allra austast annars hægri vindur.

Miðvikudagur Fremur hægur vindur víðast hvar.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

Alicante 23°	Berlín 22°	Friedrichshafen 23°	Las Palmas 22°	New York 14°	París 20°
Aþena 19°	Billund 16°	Gautaborg 13°	London 16°	Orlando 30°	San Francisco 14°
Basel 21°	Frankfurt 24°	Kaupmannahöfn 13°	Mallorca 23°	Ósló 10°	Stokkhólmur 7°



ENNEMM / SIA / NM56736



Tilboð! 3000 SMS og 3 GB á mánuði eru innfalin í öllum Snjallpökkum til 1. júní 2013

Vertu í sterkara sambandi með snjallsímanum á stærsta farsímaneti landsins

*Gildir í 12 mánuði

Veldu Snjallpakka sem hentar þér

Snjallpakinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi. Engin upphafsgjöld eru af inniföldum mínútum.

Mamma! Pabbi!

Í Núllinu talar fjölskyldan saman fyrir 0 kr. þótt mínúturnar séu búnar.

Gildir til 27 landa

Notaðu mínúturnar til að hringja í heimasíma í 27 löndum.

Hafðu stöðuna á hreinu

Í Símaappinu geturðu fylgst með notkuninni.

2013 Suðvesturkjördæmi: Efstu menn á lista



Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar og alþingismaður.
 Varabingmaður Samfylkingarinnar frá 2007 en var kjörinn á þing fyrir Framsóknarflokkinn árið 2009.



Eygló Harðardóttir alþingismaður.
 Hefur verið þingmaður frá 2008 en var áður varabingmaður.
 Hefur verið ritari Framsóknarflokksins frá árinu 2009.



Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og alþingismaður.
 Kjörinn á þing árið 2003.
 Formaður Sjálfstæðisflokksins frá 2009.



Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar og alþingismaður.
 Þingmaður frá 2007.
 Var áður félagsmálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra.




Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.
 Setið á Alþingi frá 1995.
 Áður heilbrigðisráðherra en sagði af sér vegna ágreinings við félagi sína í ríkisstjórn.



Birgitta Jónsdóttir, formaður Pírata og þingmaður Hreyfingarinnar.
 Kjörin á þing 2009 fyrir Borgarahreyfinguna, en myndaði fljótleiga Hreyfinguna.

Íbúafjöldi: **85.911**
 Fjöldi á kjörskrá: **63.154**

Kjörsoðkn í síðustu kosningum: **86,4%**



Skipting þingmanna

Borgarahreyfingin



Sigurjón Haraldsson viðskiptafræðingur.



Valdis Steinarsdóttir leiðbeinandi.



Pétur Gunnlaugsson, formaður Flokks heimilanna, lögfræðingur og útvarpsmaður á Útvarpi Sögu



Lýður Árnason, læknir og fyrverandi stjórnlagaráðsfulltrúi.



Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar.



LÉTTUR FISKRETTUR

Gufubakaður fiskur með kúrbítsteningum, rauðlauk og chili er tilvalinn fyrir fjölskylduna eftir hátíðarmatinn. Úrval heilsuuppskrifta er að finna á gottimatinn.is.



Styttir ferðatímamann um allt að helming


Hraðvagnakerfi er talið álitleg lausn til að bæta almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt kerfi er mun ódýrara en aðrar lausnir í sama tilgangi. Skipulagsyfirlit alls höfuðborgarsvæðisins hafa hugmyndina til skoðunar.

SAMGÖNGUR Hægt er að stytta ferðatíma almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu stórlega með notkun hraðvagna; sérstaks kerfis sem bætir hraða og áreiðanleika strætisvagna. Stofnkostnaður hraðvagnakerfis er margfalt minni samanborið við léttlestakerfi, sem hefur verið nefnt sem vænlegur kostur.

Þetta er meðal niðurstaðna umferðarverkfræðinganna Grétars Þórs Evarssonar og Þorsteins R. Hermannssonar, hjá verkfræðistofunni Mannviti. Skipulagsyfirlit frá öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins hafa hugmynd þeirra til skoðunar, enda sameiginlegur eigandi Strætó bs.

Allir sem gerst þekkja telja nauðsynlegt að bæta almenningssamgöngur á Íslandi. Þetta endurspeglar í þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2011-2022 þar sem segir að í samvinnu við sveitarfélögin verði unnið að því að tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu. Þetta markmið næst aldrei án grundvallarbreytinga og því telja þeir Grétar Þór og Þorsteinn það „skynsamlegt og jafnvel nauðsynlegt“ að þróa hluta almennasamgöngukerfisins yfir í hraðvagnakerfi.

Þorsteinn segir að hraðvagnakerfi í borgum af sömu stærðargráðu og höfuðborgarsvæðið sé víða að finna. Eins í stærri borgum, þar á meðal í Seattle í Bandaríkjunum þar sem þeir Grétar



→ Flytja 40.000 farþega á klukkustund

- Hraðvagnakerfi finnst í öllum heimsálfum. Eitt stærsta kerfið má finna í Bogotá í Kólumbíu, sem er sjö milljóna manna borg, en þar hefur farþegafjöldinn farið upp í 40.000 farþega á klukkustund.
- Dæmi um hraðvagnakerfi í borgum af svipaðri stærðargráðu og höfuðborgarsvæðið eru í Eugene í Bandaríkjunum, Almere í Hollandi, Rouen í Frakklandi, Swansea í Wales og Mérida í Venesúela.

dvöldu við verkfræðinám. „Þar var umræða um léttlestakerfi en menn náðu því aldrei heim og saman að ávinningurinn svaraði kostnaði. Hvað þá hér heima þar sem engir eru lestarternarnir og aðrir innviðir sem verða að vera til staðar – og þá er þekkingin enn ónefnd,“ segir Þorsteinn.

Hraðvagnakerfi er nokkurs konar millistig milli hefðbundinna strætisvagnakerfa og lestarakerfa. Hugmyndin eins og hún

stendur í dag snýst um hraðvagna á leið 1 hjá Strætó (S1) sem fyrsta áfanga, en þar liggja fyrir hugmyndir um léttlest.

Áætlað er að stofnkostnaður hraðvagnaleiðar milli samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri (BSÍ) og verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar í Hafnarfirði sé á bilinu sex til sjö milljarðar króna. Inni í þeirri áætlun eru sérreinar og aðrar forgangsáðgerðir, biðstöðvar og vagnar.

svavar@frettabladid.is

Pingmenn úr báðum flokkum vilja takmarka skotvopnasölu í Bandaríkjunum:

Erfiðara verði að eignast byssu

WASHINGTON, AP Tveir áhrifamiklir öldungadeildarþingmenn í Bandaríkjunum kynntu fyrir helgi lagafrumvarp sem tryggja á að hvergi verði hægt að kaupa skotvopn í landinu án þess að fortíð kaupandans sé könnuð fyrir kaupin.

Pingmennirnir sem standa að frumvarpinu, Joe Manchin og Patrick Toomey, eru hvor í sínum flokknum en líklegt er talið að frumvarpið fái brautargengi í öldungadeildinni þar sem demókratar eru í meirihluta.

Erfiðara kann hins vegar að reynast að fá frumvarpið samþykkt í fulltrúadeild Bandaríkjaþings þar sem repúblikanar eru í meirihluta.

Repúblikanar eru flestir á móti takmörkunum á skotvopnaeign og það sama gildir um hluta þingmanna demókrata.

Ríkisstjórn demókratans Baracks Obama Bandaríkjaforseta hefur lagt þunga áherslu á það síðustu mánuði að gripið verði til úrræða til að minnka skotvopnaofbeldi í Bandaríkjunum. Áhersla var lögð á málið eftir fjöldamorð í grunnskóla í Newtown í Connecticut í desember síðastliðnum.

Hefur Obama meðal annars lagt á það áherslu að gerðar verði breytingar á skotvopnalöggjöfinni vestanhafs í þá átt að erfiðara verði að eignast byssu. - mbl



MANCHIN OG TOOMEY Eftir fjöldamorðin í Sandy Hook-grunnskólanum hefur skotvopnalöggjöf verið talsvert til umræðu.

HAFBERG

fiskbúð sælkerans

Laxasteikur í marineringu 1990 kr/kg

Porskur í karrylime 1690 kr/kg

Roðlaus/beinlaus ýsuflok 1690 (5lbs í óskju)

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

Opið laugardaga kl. 11-14

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

Sjá einnig
önnur frábær
verðdæmi á
plusferdir.is!

SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur í sólarhring!

Tækifærið er núna!

ALMERÍA OG TENERIFE

Tilboð á valdar brottfarir í sumar!

Tilboð hefst í dag kl. 12:00 á plusferdir.is

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

1 vika

ALMERÍA

VERÐ FRÁ:

89.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Pierre Vacances í íbúð með 2 svefnherbergjum í 7 nætur. Verð frá 112.753 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun. Brottför 25. júní - 7 nætur

1 vika

TENERIFE

VERÐ FRÁ:

93.545 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Parque de Las Americas í íbúð með einu svefnherbergi í 7 nætur. Verð frá 109.087 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun. Brottför: 3. júlí - 7 nætur.

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is



PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af notuðum bílum á frábæru verði



Tökum notaðan uppi notaðan! Erum í samningsstuði!

BMW 320d LUXURY
Nýskr. 04/12, ekinn 13 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr.151870

BMW glæsibifreið kr.
7.980 þús.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/12, ekinn 22 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.790 þús.
Rnr.201016.



HYUNDAI ix35
Nýskr. 06/12, ekinn 26 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.890 þús.
Rnr.120116.



HYUNDAI GETZ GLS
Nýskr. 10/09, ekinn 41 þús km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.750 þús.
Rnr.120134.



PEUGEOT 208
Nýskr. 11/12, ekinn 8 þús km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.850 þús.
Rnr.130544.



SUZUKI SWIFT 4WD
Nýskr. 05/11, ekinn 44 þús. km.
bensín, beinskiptur. Verð kr. 2.190
TILBOÐ kr. 1.790 þús.
Rnr.201020.



NISSAN NOTE visia
Nýskr. 12/11, ekinn 16 þús. km.
bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 2.990
TILBOÐ kr. 2.590 þús.
Rnr.170290.

Gerðu frábær kaup hjá Bílalandi BL

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Nýtt kerfi gjaldfrjálsra tannlækninga nær mishratt til barna eftir aldri: Ólíklegt að fólk láti börnin bíða

HEILBRIGÐISMÁL Á meðan verið er að innleiða kerfi þar sem tannlækningar verða gjaldfrjálsar fyrir börn verður nokkur bið á því að kerfið nái til allra aldurshópa. Þannig líða þrjú ár þar til kerfið nær til barns sem er fjögurra ára í dag.

Í vor nær kerfið til barna á aldrinum 15 til 17 ára. Í haust bætast við þriggja ára og 12 til 14 ára og svo verður bæt við hópum fram í ársbyrjun 2018. Sigurður Benediktsson, tannlæknir og fyrrverandi formaður Tannlæknafélags

Íslands, telur þó ekki að við þetta skapist sérstök vandamál. „Ekkí má gleymast að ástandið er óbreytt fyrir börn sem ekki detta alveg strax inn í kerfið,“ segir hann og telur ólíklegt að foreldrar bíði með heimsóknir til tannlæknis



SIGURÐUR
BENEDIKTSSON

þar til börn ná „réttum“ aldri. Í hönnun á nýja kerfinu í fyrrasumar hafi líka verið gert ráð fyrir að búin yrðu til sérstök úrræði fyrir börn sem illa stæðu félagslega.

„Síðan gætu stjórnálamenn líka ákveðið í framhaldinu að innleiða kerfið hraðar,“ bendir Sigurður á og telur ljóst að breytingarnar séu til mikilla bóta. Fyrirséð sé að fólk komi í framhaldinu mun frekar með börn til tannlækis. „Og svo er sérstakt fagnaðarefni að samið er til langs tíma. Þetta er langhlaup.“ -óka

Fornleifar ónýtt auðlind í ferðapjónustu

Uppbygging minjastaða er nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu ferðapjónustunnar í landinu. Minjastaðir hafa þegar sannað gildi sitt. Lykilþáttur í að dreifa ferðamönnum um landið. Líta ber minjastaði sömu augum og náttúruperlurnar.

FORNLEIFAR Uppbygging minjastaða er nauðsynlegur en vanræktur þáttur í því púslspili að byggja upp ferðapjónustuna í landinu. Staðir þar sem fornminjar er að finna reynast hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda, og þar liggja mikil tækifæri.

„Ennþá hefur náttúran mesta aðdráttarafl en menningin, í víðum skilningi, sækir mjög á.

Ferðamenn eru sífellt að leita að nýjum upplifunum og þá ekki síst samspili mannlífs og náttúru í gegnum tíðina. Öflug uppbygging á ferðapjónustu sem tengist menningarverðmætum eins og fornleifum spilar þar stórt hlutverk,“ segir Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri, og bætir við að það eigi við um erlenda ferðamenn en ekki síður Íslendinga sjálfa.

Ólöf segir jafnframt að sú viðleitni að dreifa ferðamönnum betur um landið tengist uppbyggingu menningartengdrar ferðapjónustu sterkum böndum. Því fleiri slíkir minjastaðir, því líklegra er að fólk sjái ástæðu til að fara víðar um.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, segir stöðuna einfalda í sínum huga. Meira fjármagni verði að veita til skráningar, sem er forsenda uppbyggingar auk nauðsynlegrar varðveislu og rannsókna. „Ferðapjónusta er ekki bara nátt-



Á SKRIÐUKLAUSTRI Fornleifarnar hafa fætt af sér glæsilega sýningu í sögu- og fræðasetrinu á staðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

úran, heldur þarf að mæta eftirspurn þeirra ferðamanna sem vilja sjá minjastaði og kynna sér söguna. Við verðum að hafa svigrúm til að vinna undirbúningsvinnuna - gera þessa staði aðgengilega og sinna miðlunarþættinum.“

Kristín nefndi í viðtali við Fréttablaðið á fimmtudag nokkra minjastaði þar sem uppbygging hefur tekist vel og Skriðuklaustur var þar á meðal.

Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri, segir að minjarnar á staðnum hafi ótvírætt gildi fyrir ferðapjónustuna. „Erlendir ferðamenn sýna sögunni ekki síður áhuga en íslenskir ferðalangar og greinilegt í öllum könnunum að söguáhuginn fer vaxandi.“



SKRIÐUKLAUSTUR Uppbygging minjastaða hefur sums staðar tekist vel.

Skúli segir að nákvæmlega eins og Íslendingar hafa áhuga á að skoða sögustaði erlendis þá vilja gestir okkar vita meira um lífið í landinu fyrr á öldum. „Þess vegna er ekki síður mikilvægt að byggja á vandaðan hátt upp minjastaði, eins og náttúruperlur okkar,“ segir Skúli.

svavar@frettabladid.is

Skattskrár vegna álagningar 2012 og virðisaukaskattskrár vegna tekjuársins 2011 verða lagðar fram 15. apríl 2013.

Skrárnar, sem sýna álagða skatta á gjaldendur í hverju sveitarfélagi, eru lagðar fram á viðkomandi starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum dagana 15. apríl til og með 26. apríl 2013.

Framlagning skattskráa er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 og 46. gr. laga nr. 50/1988.

15. apríl 2013

RÍKISSKATTSTJÓRI

ALMENNT HLUTAFJÁRÚTBOÐ

Lýkur á morgun 16. apríl 2013.



Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hefur umsjón með almennu útboði á 60% hlut í Vátryggingafélagi Íslands hf., en seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 70%.

Fjárfestum eru boðnar þrjár áskriftarleiðir, eða svokallaðar tilboðsbækur. Seljandi óskar eftir áskriftum á verðbilinu 6,75–7,95 krónur á hlut í tilboðsbækur A og B, en allir hlutir sem seldir verða í þeim bókum verða á sama verði. Framangreint verðbil samsvarar því að heildarandvirði hlutafjár í VÍS sé 16,9–19,9 milljarðar króna. Seljandi óskar eftir áskriftum í tilboðsbók C á lágmarksverði 6,75 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í þessari tilboðsbók útboðsins verður úthlutað á því gengi sem viðkomandi fjárfestir býður.

Stefnt er að því að útboðið marki grunninn að dreifðu eignarhaldi á VÍS og geri félaginu kleift að uppfylla lágmarksskilyrði NASDAQ OMX Iceland um dreifingu hlutafjár hjá félögum sem fá hlutabréf tekin til viðskipta í Kauphöllinni. Markmið seljandans er jafnframt að fá ásættalegt verð fyrir eign sína.

- ▶ **TILBOÐSBÓK A** **10% hluta boðnir fjárfestum sem vilja kaupa hlut að andvirði 100.000–50.000.000 kr.** Fjárfestar skila áskrift rafrænt á vef Arion banka, www.arionbanki.is. Til þess notar fjárfestir notandanafn sitt og lykilorð að netbanka Arion banka, eða kennitölu sína og lykilorð sem hann pantar á áskriftarvefnum og fær sent um hæl sem rafrænt skjal í netbanka sinn hjá hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.
- ▶ **TILBOÐSBÓK B** **30,1% hluta boðnir fjárfestum sem vilja kaupa hlut að andvirði meira en 50 milljónir króna.** Fjárfestar eru beðnir að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf eða Hlutabréfamiðlun Fjárfestingarbankasviðs Arion banka og skila áskrift rafrænt, en til þess notar fjárfestir kennitölu sína og lykilorð sem hann fær sent í netbanka sinn.
- ▶ **TILBOÐSBÓK C** **Fjárfestum boðnir fjórir 2,475% eignarhlutir, samtals 9,9%.** Fjárfestar eru beðnir að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf eða Hlutabréfamiðlun Fjárfestingarbankasviðs Arion banka og skila áskrift rafrænt, en til þess notar fjárfestir kennitölu sína og lykilorð sem hann fær sent í netbanka sinn.

Auk þessarar grunnskiptingar verður **10–20% hluta ráðstafað í eina eða fleiri af tilboðsbókunum** eftir því sem verð og magn eftirspurnar gefur tilefni til.

ÚTHLUTUN

Komi til þess að eftirspurn í útboðinu verði meiri en sem nemur stærð útboðsins, þá verða áskriftir í tilboðsbók A skertar um allt að 75% (utan áskriftir 100–500 þús.kr. og áskriftir starfsmanna VÍS að hámarki 3 milljónir kr.) og þurfi að koma til frekari niðurskurðar verða hæstu áskriftir lækkaðar frekar. Úthlutun til fjárfesta í tilboðsbókum B og C verður samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda, sem taka mun mið af markmiðum útboðsins.

ÁSKRIFTARTÍMABIL OG ÞÁTTTAKA

Áskriftartímabil stendur frá föstudeginum 12. apríl klukkan 10.00 til þriðjudagsins 16. apríl klukkan 16.00.

Þátttaka í útboðinu er heimil aðilum með íslenska kenntölu sem eru fjáráða og ráða búi sínu sjálfir og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Það þýðir m.a. að erlendir aðilar, skv. skilgreiningu 1.mgr. 1.gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992, skulu sýna fram á að þeim sé heimilt að fjárfesta í verðbréfunum sem boðin eru í útboðinu, sbr. 13.gr.m og 13.gr.b. í gjaldeyrislögnum.

Eindagi kaupverðs er áætlaður 23. apríl 2013. Stefnt er að því að 24. apríl 2013 verði fyrsti dagur viðskipta með hluti VÍS á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um VÍS og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu VÍS dagsettri 27. mars 2013 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. **Lýsinguna má nálgast rafrænt á vis.is/fjarfestar og arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum VÍS að Ármúla 3 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.**

Nánari upplýsingar um útboðið má nálgast á arionbanki.is, svo og með tölvupósti á visipo2013@arionbanki.is eða í síma 444 7000 milli kl. 9.00 og 20.00 meðan áskriftartímabilið stendur yfir.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu löng bið er eftir ADHD-greiningu hjá geðlækni?
2. Hvenær ætlar Hagstofan að hagvöxtur taki kipp?
3. Hver á að skipa hæstaréttardómara að mati Jóns Steinars Gunnlaugssonar?

SVÖRIN
 1. Allt að ársbið. 2. Á næsta ári, samkvæmt nýrri þjóðhagssspá. 3. Ráðherra.

Ísland er í þriðja sæti í samanburði á heilbrigðisstefnu fjörutíu og þriggja Evrópuríkja: Glímunum ekki við heilbrigðisvanda Grikkja

HEILBRIGÐISMÁL Þrátt fyrir niðurskurð hafa hér ekki komið upp sambærileg heilbrigðisvandamál og í löndum á borð við Spán, Portúgal og Grikkland. „Þar hefur sjálfsvígstíðni farið vaxandi og smitsjúkdómar brotist út í síauknum mæli, auk þess sem aðgengi að heilbrigðisþjónustu hefur versnað til muna,“ segir Geir Gunnlaugsson landlæknir í nýrri grein á heimasíðu Landlæknisembættisins.



GEIR GUNNLAUGSSON

Geir vitnar til nýlegrar fræðigreinar í vefútgáfu tímaritsins

The Lancet, þar sem fjallað var um efnahagshrunið og áhrif þess á lýðheilsu. Greinarhöfundar bendi á að hér hafi félagslegt öryggisnet verið styrkt og áhersla lögð á að hafa fólk í vinnu, auk fleiri þátta. „Afleiðing þessa sé meðal annars að sjálfs-

vígum hafi ekki fjölgað á Íslandi í kjölfar kreppunnar og könnun á heilsu og líðan Íslendinga hafi sýnt að hrunið hafi lítil áhrif haft á hamingju þjóðarinnar,“ segir Geir.

Þá bendir landlæknir á niðurstöður nýbirtrar rannsóknar á árangri heilbrigðisstefnu í 43 Evrópuríkjum. Þar sé Ísland í þriðja sæti á eftir Svíþjóð og Noregi. Lakasta útkomu fengu Úkraína, Rússland og Armenía. Í samanburðinum er að mestu stuðst við gögn frá 2008.



Á LANDSPÍTALANUM Íslensk heilbrigðisstefna kemur vel út í alþjóðlegum samanburði. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Forgangsaþriði að reyna samningaleið

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna ræddi við leiðtoga nágrannaríkja Norður-Kóreu í Asíu. Stjórnvöld í Pjongjang eru hvött til að setjast að samningaborðinu.

NORÐUR-KÓREA John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir Norður-Kóreumenn vera að einangra sig enn frekar með kjarnorkuhótunum sínum. Kerry ferðaðist um Asíu um helgina og ræddi við leiðtoga nágrannaríkja Norður-Kóreu um ástandið sem skapast hefur.

„Bandaríkin munu verja bandamenn sína eins og nauðsynlegt þykir gegn þessum árásum. Okkar fyrsta val er hins vegar að ræða saman,“ sagði Kerry á fréttamannafundi í Tókýó með Fumio Kishida, utanríkisráðherra Japan, í gær.


Þar sagði hann jafnframt að mikilvægt væri fyrir Norður-Kóreu að skilja hvaða afleiðingar hótanir þeirra munu hafa fyrir þá sjálfa.

Stjórnvöld í Seúl, Peking, Tókýó og Washington hafa, að sögn Kerry, tekið höndum saman gegn Norður-Kóreu og er markmiðið kjarnorkuafvopnun á Kóreuskaga.

Norður-Kórea hefur stöðugt hótad kjarnorkuárásur á valin skotmörk í Suður-Kóreu og á meginlandi Norður-Ameríku síðan Sameinuðu þjóðirnar hertu viðskiptaþvinganir sínar á landið.



FYLKIR LIÐI John Kerry ferðaðist um Asíu um helgina og heimsótti Suður-Kóreu, Kína og Japan þar sem hann hélt blaðamannafund með Fumio Kishida, utanríkisráðherra Japan. NORDICPHOTOS/AFP



Stjórnvöld í Pjongjang hafa svo talið heræfingar Suður-Kóreu og Bandaríkjanna sunnan landamæruna á Kóreuskaga vera stríðsundirbúning og þannig réttlætt endurlífgaða kjarnorkuáætlun sína.

Þrátt fyrir hótanirnar telja sér-

fræðingar ólíklegt að Norður-Kórea sendi kjarnorkuflaugar af stað. Þá er talið að eldflaugar þeirra dragi ekki nógu langt til að geta grandað skotmörkum í Bandaríkjunum, ef Alaska er undanskilin.

birgirh@frettabladid.is

AÐALFUNDUR Félags Rafeindavirkja

Aðalfundur Félags Rafeindavirkja verður haldinn mánudaginn 22. apríl 2013 kl. 17:30 á Stórhöfða 27, gengið inn Grafarvogsmegin.

Dagskrá:

- Baldur Viðar Baldursson forstöðumaður símkerfa hjá Símanum kynnis 4G
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kosning fulltrúa á ársfund Stafa lífeyrissjóðs
- Önnur mál

Reykjavík 10. apríl 2013

Stjórn Félags Rafeindavirkja

Nýjung í landslaginu

Við bjóðum fjölbreytt úrval innlánsreikninga með föstum vöxtum. Hafðu samband og kynntu þér málið.

Óverðtryggðir innlánsreikningar með föstum vöxtum.

3 mánuðir 4,8%	24 mánuðir 5,4%
6 mánuðir 5,0%	36 mánuðir 6,3%
12 mánuðir 5,2%	60 mánuðir 6,4%

Verðtryggðir innlánsreikningar með föstum vöxtum.

36 mánuðir 2,5%	60 mánuðir 2,75%
-----------------	------------------



Ármúli 13a / Borgartún 26 / 540 3200 / www.mp.is

Afgreiðslustúlku dæmd tæp milljón í bætur: Gert að sýna brjóstahald- arastærðina í vinnunni

SVÍPJÓÐ Afgreiðslustúlku sem starfaði í einni af verslunum undirfatakeðjunnar Change í Svíþjóð hafa verið dæmdar 50 þúsund sænskar krónur í bætur af félagsdómi, jafngildi um 900 þúsunda íslenskra króna.

Stéttarfélag konunnar kærði Change fyrir kynbundna mismunun þar sem



henni hafði verið skipað að setja brjóstahaldarastærð sína á nafnspjaldið sitt.

Í frétt á viðskiptavefnum e24.no er greint frá því að talsmenn Change segi þetta ekki hafa verið skyldu. Afgreiðslustúlkan sagði hins vegar að um þrýsting hefði verið að ræða og henni hafi fundist krafan niðurlægjandi.

-ibs



FÓLK Af 8.478 atvinnulausum í mars eru 1.618 útlendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Atvinnulausum fækkar:

Í mars voru
5,3% án vinnu

EFNAHAGSMÁL Skráð atvinnuleysi í mars var 5,3 prósent. Fram kemur í nýjum tölum Vinnamálastofnunar að í mánuðinum hafi að meðaltali 8.487 verið atvinnulausir.

„Körlum á atvinnuleysissskrá fækkaði um 159 að meðaltali en konum um 69 og var atvinnuleysið 5,0 prósent meðal karla og 5,7 prósent meðal kvenna,“ samkvæmt yfirliti stofnunarinnar.

Frá því í febrúar dró úr atvinnuleysi um 0,2 prósentustig þannig að 228 fleiri voru að jafnaði með vinnu í mars en í febrúar.

- óká



KÝR Stuðningur bænda við takmarkanir á bústærð minnkar hratt eftir því sem bú þeirra eru stærri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjórir af tíu eru andvígir:

Tæp 60 prósent
vilja takmarka
stærð búa

LANDBÚNAÐUR Nærri 60 prósent bænda eru því fylgjandi að teknar verði upp takmarkanir á stærð búa. Þetta kemur fram í nýrri könnun Landssambands kúabænda.

„Af þeim sem tóku afstöðu (82,5 prósent svarenda) svöruðu 59,3 prósent bænda þeirri spurningu játandi en 40,7 prósent neitandi,“ segir á vef Landssambands kúabænda. Fram kemur að stuðningur við takmarkanir fari vaxandi með aldri. 71 prósent bænda yfir sextugu telji mikilvægt að setja slíkar takmarkanir, á meðan tæpur helmingur bænda á ferugtaldri sé hlýntur þeim.

- óká

HEILBRIGÐISMÁL

Lúpínuseyði innkallað

Sala á lúpínuseyði Svarta hauks hefur verið stöðvuð og varan innkölluð. Þetta var gert eftir ábendingu Heilbrigðis-efirlits Suðurlands til Matvælastofnunar um að seyðið hafi verið framleitt við óheilmæmar aðstæður. Fólk er beðið um að farga vörinni og neyta hennar ekki.

LYFJA
- Lífið heil



Voltaren Gel
15% verðlækkun

50 gr. Nú: **1.767 kr.** / 100 gr. Nú: **3.222 kr.**

Gildir út apríl.

Lægra
verð
í Lyfju

SELSKAPIN LYFJA

15. APRÍL ER ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGUR SUMARHJÓLBARÐA. KOMDU OG FAGNAÐU MEÐ OKKUR.

ÞÚ FÆRÐ MIKIÐ ÚRVAL AF DEKKJUM,
FLJÓTA OG ÖRUGGA ÞJÓNUSTU HJÁ N1.



KUMHO 




COOPERTIRES
DON'T GIVE UP A THING.



HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA N1:

Réttarháls 2 | 440 1326
Ægisíða 102 | 440 1320
Bíldshöfði 2 | 440 1318
Langitangi 1A | 440 1378

Fellsmúli 24 | 440 1322
Reykjavíkurvegur 56 | 440 1374
Grænásbraut 552 - Reykjanessbæ | 440 1372
Dalbraut 14 - Akranes | 440 1394

N1

Meira í leiðinni

Skráning og rannsóknir á fornleifum eru í ólestri:

Sagan fýkur burt

Fréttablaðið hefur undanfarna daga fjallað um bágt ástand fornleifa víða á landinu. Hér birtust til dæmis býsna sláandi myndir af merkilegum 13. aldar kirkjugarði á Akbraut í Rangárvallasýslu, þar sem hauskúpurnar liggja glottandi á milli stuðlabergssteina sem garðurinn var hlaðinn úr. Þessar minjar eru að eyðileggjast vegna uppblásturs og hafa aldrei verið rannsakaðar sem skyldi.

Þannig háttar til um fornminjar víða um land. Fornleifafræðingar eru á mörgum stöðum í kapphlaupi við tímann að grafa upp og kortleggja minjar sem eru að hverfa, ekki sízt vegna sjávarrofs og uppblásturs.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur hefur meðal annars staðið í slíku kapphlaupi við eyðingaröflin á hinum forna verzlunarstað við Kolkuós í Skagafirði. Hún hefur enn fremur kannað ástand ýmissa minjastaða og komist að því að víða eru áhugaverðar minjar að tapast, til dæmis á Reykjanesi. „Ef við eigum friðlýstar fornminjar, og samkvæmt orðanna hljóðan því einstakar, þá ættum við að gera meira til að verja þær,“ sagði Ragnheiður hér í blaðinu í síðustu viku.

Fé skortir til skráningar, rannsókna og varðveislu á fornminjum. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, telur að fé sem veitt er til hennar á fjárlögum sé innan við helmingurinn af því sem þyrfti til að stofnunin gæti sinnt sínu lögbundna hlutverki. Hún bendir til dæmis á að fornleifafræðingur sé stórlega ábótavant. „Við vitum einfaldlega ekki hvað við eigum af fornleifum á Íslandi. Slík skráning er til dæmis forsenda þess að sveitarfélögin og framkvæmdaaðilar hafi nauðsynlegar upplýsingar. Svo þarf fjármagn í viðhald minjanna og frekari rannsóknir,“ segir hún.

Nýleg dæmi eru um að þekkingin á fornleifum sé brotkennd þar sem á að fara að ráðast í framkvæmdir. Nú er fyrirhugað að virkja við Eldvörp á Reykjanesi. Vitað var að þar myndu fornleifur, en þar hafa áhugamenn nýlega fundið fjölda óþekktra minja eins og Fréttablaðið sagði frá í desember síðastliðnum. Það væri ábyrgðarleysi að ana út í framkvæmdir án þess að hafa áður kortlagt minjarnar og áhrif framkvæmdanna á þær almennilega.

Það er ekki hægt að leyfa minjum sem geyma mikilvægar upplýsingar um sögu og fortíð lands og þjóðar að fjúka burt og drabbast niður. En það verður klárlega áfram á brattann að sækja fyrir minjavörzluna eins og staðan er í ríkisfjármálum. Á meðan peninga vantar til löggæzlu, heilbrigðismála og menntunar er hætt við að það sem legið hefur í jörð öldum saman verði bara látið liggja þar áfram án þess að trufla það með fjárveitingum.

Möguleikarnir liggja líkast til helzt á því sviði sem fjallað er um í frétt í Fréttablaðinu í dag; að nýta fornleifarnar í uppbyggingu menningartengdrar ferðamennsku. Fyrir stóran hóp ferðamanna, bæði innlendra og erlendra, hefur sagan mikið aðdráttar afl. Samhliða stöðugri fjölgun ferðamanna veitir heldur ekki af að fjölga fjölsóttum ferðamannastöðum og dreifa álaginu.

Nú þurfa áhugamenn um varðveislu menningararfsins að hugsa út fyrir kassann og fá í lið með sér fjárfesta sem hafa áhuga á uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu. Það er líklegasta uppspretta peninga handa þessum málaflökki á næstunni.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Atlögunni hrundið

Margir Sjálfstæðismenn anda léttar nú þegar friður hefur á ný skapast um Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins. Öfl innan flokksins reyndu fyrir helgi að bola honum úr embætti en með einlægri frammistöðu í kosningabætti á fimmtudag tókst Bjarna að því er virðist að þjappa flokknum saman að baki sér. Stjórn málafræðingar hafa síðan haldið því fram að atburðarás síðustu daga hafi veikt Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, varaformann, sem sé ekki lengur augljós eftirmaður Bjarna eins og margir hafa talið.

Traust eða ekki traust?

Vandi Hönnu Birnu er ekki síst sá að það tók hana



næstum tvo sólarhringa frá því að fyrst var fjallað um könnun sem sýndi að flokkurinn myndi njóta meiri stuðnings undir forystu hennar þar til hún lýsti beinlínis yfir stuðningi við Bjarna sem formann opinberlega. Og á meðan logaði flokkurinn stafna á milli eftir að Bjarni sagðist vera að íhuga afsögn.

Á fundi á laugardag sagði Hanna að hún yrði þakklát ef umræðunni um formannsembættið lyki og að traust hennar til Bjarna væri ekki dregið í efa. Einhverjum gæti hins vegar sýnt að sá stuðningur hefði ekki verið til staðar þegar þörf var á.

Pólitísk kaldhæðni Pírata

Píratar hafa legið undir ámæli, ekki síst frá femínistum, eftir að umdeild ummæli nokkurra frambjóðenda flokksins voru grafin upp á netinu. Ekki var bót í máli þegar fram kom að tveir karlkyns frambjóðendur Pírata hafa dóma á bakinu vegna ofbeldismála, annar meðal annars fyrir að kýla konu. Smári McCarthy, einn kaptaina Pírata, var spurður á Stöð 2 á laugardag hvort bakgrunnur frambjóðenda hefði verið kannaður. Sagði Smári Pírata ekki hafa fundið þörf hjá sér til að stunda persónunýjnsir. En varla eru það persónunýjnsir að kanna hvort flokkur sé með ofbeldismenn í framboði til Alþingis eða ekki.



magnus@frettabladid.is

HALLDÓR



Eru eftir hár í halanum?

STJÓRN MÁL



Valgerður Bjarnadóttir alþingismaður

„Hvað eigum við nú til bragðs að taka Búkolla mín?“ spurði strákurinn kúna þegar þau komu að hinum ýmsu farartálmum. Strákurinn var á leiðinni heim, eftir að hafa sótt Búkollu í fjós skessunnar.

„Hvað eigum við nú til bragðs að taka?“ spyr ég þegar við erum komin vel á veg með að ná þjóðfélaginu úr fjósi sérhagsmunaafllanna og upp sprettur Framsóknarmaddaman. Tví- ef ekki þríefld.

Það er skelfilegt að þeir sem sammála eru um að breyta þjóðfélaginu tvístrist út um allt. Óþolinmæði er afleit í pólitík. Auðvitað voru það vonbrigði að ná ekki að minnsta kosti auðlindaákvæði stjórnarskrárfrumvarpsins í gegnum þingið. En það er lítil von að ná því nokkurn tíma í gegn ef þau sem það vilja hlaupa hvert í sína áttina. Það verður ekkert dekk spúlað með þeirri aðferð.

Sérhagsmunaöflin eru þau einu sem munu hagnast ef allt að tíu prósent atkvæða falla dauð vegna þess að nýju flokkarnir ná ekki fimm prósentu lágmarkinu sem þarf til að ná þingsæti.

Sérhagsmunaöflin munu ekki bara hagnast í kosningunum. Þau munu líka hagnast eftir kosningar þegar veiðigjaldið verður afnumið. Veiðigjaldið er 16 milljarðar. Þeim sem greiða veiðigjald finnst það ósanngjarnt. Þeir vilja halda

→ Sérhagsmunaöflin eru þau einu sem munu hagnast ef allt að tíu prósent atkvæða falla dauð vegna þess að nýju flokkarnir ná ekki fimm prósentu lágmarkinu sem þarf til að ná þingsæti.

áfram að nýta auðlindina okkar án þess að borga krónu fyrir. Það finnst Framsóknarmaddömunni og vinum hennar í Sjálfstæðisflokknum líka sjálfsagt mál. Sérhagsmunaöflin geta þá aftur selt sjálfum sér eða vinum sínum banka. Landsbankinn er búinn að gera upp við þrotabúið svo sérhagsmunaöflin geta strax hafið næstu umferð einkavinavæðingar.

Er þar virkilega þetta sem við viljum? Er þetta rétti tíminn til að fara hvert í sína áttina? Óþolinmæði hefur löngum verið ógæfa íslenskra jafnaðarmanna. Það virðist ætla að verða svo eina ferðina enn.

Ólíkt skessunni sem varð að steini er hætta á að Framsóknarmaddaman og vinir hennar verði sprellandi kát og þjóðfélagið lendi aftur í sérhagsmunafjösinu. Þá hefur sannarlega ekki verið til mikils barist. Þá mun ekki duga: „Taktu hár úr hala mínum“!

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ný námskeið að hefjast 16. apríl

Jógastúdíó

BYRJENDANÁMSKEIÐ
þriðjudagar og fimmtudagar kl. 19.45

JÓGA TIL AÐ LÉTTAST
þriðjudagar og fimmtudagar kl. 18.30

Skráning á jogastudio.is eða í síma
Drífa: 695-8464 / Ágústa: 772-1025

www.jogastudio.is
Seljavegur 2, 101 Rvk

Frelsishöllin

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Alþingishúsið við Austurvöll – þessi gamla bygging sem búið er að berja svo mikið á undanfarin ár að manni er næstum farið að þykja vænt um hana og finnast hún veikburða tákn veikburða þingræðis sem allir eru á móti. En þetta hús á sér raunar sögu sem kannski hefur gleymst meira en vert væri. Það er að minnsta kosti ómaksins vert að rifja hana upp á meðan við bíðum þess að þjóðin sendi fulltrúa sína á þing eftir allar þessar kannanir – og hannanir.

Þriðjungur Landsjóðsins

Um daginn var ég að snuðra í 19. öldinni að gamni mínu og eins og löngum fyrr varð fyrir mér ein af snilldarbókum Þorsteins Thorarensen, Móralskir meistararar, ein af þessum stórum brúnu bókum hans sem fullar eru af fróðleik, slúðri og spekulásjónum um mannlíf og pólitík á síðustu áratugum 19. aldarinnar. Þar er sagt frá byggingu alþingishússins við Austurvöll og kannski allt í lagi að rifja upp þá gleymdu sögu; kannski hefur hún að geyma einhver frækorn þeirra kennda sem umvefja þetta hús þessi misserin og kannski má sjá þar upphaf ýmissa síða sem trúnaðarmenn þjóðarinnar á þessum stað hafa tamið sér gegnum tíðina.

Þegar alþingi var endurreist á

Íslandi um miðja 19. öld var það í Lærða skólanum í Reykjavík fyrstu þrjátíu árin. Þetta hafði margvísleg óþægindi í för með sér og þar kom að forseti þingsins, Jón Sigurðsson, stakk upp á því að leysa húsnæðisvanda þingsins með því að festa kaup á stórhýsinu Glasgow, sem var gríðarlegur timburhjallur við Vesturgötu, á móti Naustinu – en brann löngu síðar til kaldra kola, eitt glæsilegasta hús Reykjavíkur. Þetta átti að kosta milli 30 og 40 þúsund krónur. Þá reis til andmæla Benedikt Sveinsson sýslumaður og krafðist þess að byggt yrði úr íslensku grjóti, sem eitt af baráttumálum þess mikla hugsjónamanns og eldhuga.

Jón Sigurðsson var farinn að heilsu þegar hér var komið og mætti ekki til þings 1879, og þá tóku kallarnir aldeilis að láta hendur standa fram úr ermum. Þeir samþykktu að verja 100 þúsund krónum til byggingar alþingishúss. Heildartekjur Landsjóðsins voru þá um 360 þúsund krónur – án framlags Dana. Enginn mótmælti þessari fjárveitingu – að setja þriðjung landsjóðs í að reisa um sig hús – og var raunar stórhugurinn slíkur á þessu þingi að samþykkt voru lög um að gera brýr yfir Ölfusá og Þjórsá, en þá sagði konungur hingað og ekki lengra og neitaði að staðfesta þau lög.

Til tals kom að bjóða út verkið en þá reis upp Tryggvi Gunnarsson og taldi það hina mestu vitleysu því að þá yrði of mikið horft í aurinn á öllum stigum – of mikið sparað – og viturlegra væri að skipa nefnd til að hafa yfirumsjón með verkinu og sjá til þess að greiddir væru kostnaðarreikning-

ar; þannig yrði byggingin traustari og betri.

Tryggvi þótti hafa manna mest vit á framkvæmdum og peningum; hann byggði hús og reisti brýr og stýrði svo Landsbankanum síðar og enn njótum við verka hans í hinum fagra alþingisgarði. Að vísu segir meinhornið Benedikt Gröndal í bréfi til Eiríks Magnússonar um eina af byggingum Tryggva, skólahúsið á Möðruvöllum, að það sé svo „afkáraleg innréttað, að það er eins og tuttugu idiotar hafi verið að concurrera til gullmedalunnar fyrir absúrditeter“. En hann var nú líka bara skáld.

Sannleikurinn mun gera yður frjálsa

Danskur húsameistari var fenginn til verksins og hann flutti inn með sér sænska steinmiði, enda leist honum ekkert á þá íslensku snikkara sem hér höfðu þróað með sér þess háttar tækni sem enn má sjá á Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Til að gera langa sögu stutta kostaði alþingishúsið 130 þúsund krónur, fór langt fram úr áætlun, enda var hvergi til sparað. Að ráði Tryggva var húsameistar- anum danska síðan greiddur sérstakur bónus fyrir vel unnin störf, enda væri slíkt alsíða meðal þeirra þjóða sem við bærum okkur helst saman við.

Árið 1881 var húsið risið, og var nefnt „Frelsishöllin“ en í hornsteininn var lagður spegilfagur silfur-skjöldur og á hann letruð orðin „Sannleikurinn mun gera yður frjálsa“, að ráði biskups, Péturs Péturssonar, ríkasta manns landsins, sem raunar fékk einnig kauphækkun um þessar mundir til að vera til jafns við landshöfðingjann.



Þegar alþingi var endurreist á Íslandi um miðja 19. öld var það í Lærða skólanum í Reykjavík fyrstu þrjátíu árin. Þetta hafði margvísleg óþægindi í för með sér...

Þetta ár – 1881 – reyndist eitt versta harðindaár í sögu þjóðarinnar, einkum norðanlands. Víða kom ekkert sumar, það var grasbrestur, fiskileysi, hafís við land, hungursneyð og mislingafaraldur geysaði með tilheyrandi mannfelli. En nú var landsjóðurinn tómur eftir allan stórhuginn og engir peningar til að bregðast við hallærinu. Eft var til mikillar fjársöfnunar um alla Evrópu og safnaðist mest í Englandi, sem

sumir líta á sem gróna óvinaþjóð, og streymdi gjafakornið til Íslands en kornskipin komu til baka með íslenska útflytjendur á leið til Ameríku. Þau voru farin, höfðu flúið þetta volaða land.

Alþingi tók til starfa í nýjum og glæsilegum húsakynnum, og hvað sem líður orðum í hornsteininum um sannleikann og frelsið þá hafði alþingi nú þegar sýnt fordæmi sem átti eftir að lýsa langt fram á veg. Það fordæmi snerist um óráðsú, óraunsæi, ábyrgðarleysi, vanhæfni og spillingu yfirstéttarmanna sem láta sér kjör sveltandi alþýðu í léttu rúmi liggja. Lygin mun gera okkur ófrjáls, sé að marka orðin úr ritningunni; og kannski kominn tími til að við horfumst í augu við þennan part af sögu þjóðarinnar líka um leið og við höldum því á lofti sem ástæða er til að vera stolt af.

„ÖFLUG UPPBYGGING FERÐAÞJÓNUSTUNNAR – ÞESS VEGNA KÝS ÉG VG“

TÓMAS ÍSLEIFSSON
FERÐAÞJÓNUSTUBÓNDI YTRI-SÓLHEIMUM

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU



VINSTRI GRÆN

MERKISATBURÐIR

- 1803** Reykjavík verður sérstakt lögsagnarumdæmi.
- 1955** Fyrsti McDonalds-veitingastaðurinn opnar í Illinois, Bandaríkjunum.
- 1967** Um 250 þúsund Bandaríkjamenn mótmæla Vítnamestríðinu í New York.
- 1970** Stórbrúni verður í verkstæðisbyggingu Strætisvagna Reykjavíkur.
- 1977** Jón L. Árnason verður Íslandsmeistari í skák aðeins sextán ára gamall.
- 1990** Mikið hættuástand skapast þegar eldur kemur upp í ammoníakstanki Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi.
- 1997** Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að ekki séu lagaskilyrði fyrir endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmála.
- 1999** Nýja Bláa lónið í Svartsengi er formlega tekið í notkun.



+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulega

KARLS VALDIMARSSONAR.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir kærleiksríkt viðmót og umönnun.

Fyrir hönd fjölskyldunnar, Sigurður Vigfússon



+

Kær bróðir minn,

GUÐFINNUR ERLENDSSON
Austurbryn 6, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 2. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda, Hlíf Erlendsdóttir



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN RAFN GUÐMUNDSSON
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 7. apríl, verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 16. apríl kl. 13.00.

Kristín Jóhannsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Rannveig Jónsdóttir
Ragnar Jóhann Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ludwig H. Gunnarsson
Pórður Óskarsson
Anna María Þórðardóttir








Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST 15. APRÍL 2010

Skyndirýming á flóðasvæði

Almannavarnir boðuðu skyndirýmingu á bæjum í nágrenni Markarfljóts síðdegis þennan dag árið 2010, vegna hættu á stóru flóði. Eldgos hafði hafist í Eyja-fjallajökli daginn áður og því fylgdi stórt hlaup í Markarfljóti sem tók af veginn í kringum brúna.

Jarðeðlisfræðingar sem voru á flugi yfir jöklinum þennan dag sáu hlaup koma með miklum látum niður jökulinn og fólk var beðið að hlaupa upp í hlíðar til

að tryggja öryggi sitt. Rúmlega 700 íbúar sveitanna undir jöklinum yfirgáfu heimili sín í skyndi.

Þegar til kom reyndist hlaupið dreifa mun meira úr sér en hlaupið daginn áður og þegar það kom í Markarfljót hafði dregið mikið úr kraftinum. Rýmingu var aflétt að hluta til á tíunda tímanum um kvöldið. Þó var henni viðhaldið á tuttugu bæjum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ALDURSFORSETINN Eygló Yngvadóttir hefur verið bílstjóri síðan vinstri umferðin var við lýði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frumkvæði að bættri umferð komi innan frá

Samstarfshópur á vegum Umferðarstofu og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu situr nú sveittur við að semja sáttmála um betri umferðarmenningu. „Við erum ekki þarna til að ala fólk upp,“ segir aldursforseti hópsins. „Sáttmálinn er bara til leiðbeiningar.“

Þessi hópur er skemmtilegur að því leytnu til að þetta eru ekki neindir fræðingar eða vitringar, við erum bara venjulegt fólk í umferðinni,“ segir Eygló Yngvadóttir, aldursforseti starfshópsins. „Upphaflega hugmyndin hjá lögreglunni og Umferðarstofu var að búa til boðorð í umferðinni. Ekki reglur heldur boðorð sem hver og einn setti sér sjálfur: Ég ætla að gera þetta, ég ætla að gera hitt, til þess að umferðin gangi betur, skilurðu? Þeir ákváðu að það væri sniðugt að láta almenning búa boðorðin til og völdu fjórtán manns, sjö karla og sjö konur, í starfshóp. Markmiðið er að boðorðin, eða sáttmálinn eins og við köllum það núna, verði tilbúin um miðjan maí.“

Hvernig hafið þið unnið þetta? „Við skiptum okkur upp í smærri hópa. Einn hópurinn sinnti hjólreiðafólki, annar gangandi vegfarendum og sá þriðji öllum öðrum. Aðalatriðið er að þetta áttak fjallar ekki um umferðarmannvirki, vegi eða bíla og ekki um annað fólk. Þetta fjallar um tillitssemi, tilhlýðun og kurteisi okkar sjálfra. Þetta snýst ekki um það sem ég ætlast til að hinir geri, heldur það sem ég ætla mér að gera sjálf. Við erum ekki þarna til að ala hina upp, fólk á að finna þörfina fyrir að bæta umferðina hjá sjálfu sér, sáttmálinn er bara til leiðbeiningar.“

„Óg hvernig hefur starfinu miðað? „Við erum búin að búa til tuttugu til þrjátíu setningar sem við eigum síðan eftir að skera niður í tíu til tólf sem allir eru sammála um að fjalli um mikilvægustu atriðin.“

Þú ert búin að vera í umferðinni ansi lengi, ekki satt? „Ég er búin að vera



HÓPVINNA Gunnar Rúnar ásamt hluta samstarfshópsins um umferðarsáttmála.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hugmyndabanki á Facebook

Þetta er verkefni sem við hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fórum af stað með eftir áramótin í samvinnu við Umferðarstofu og unnum mest í gegnum Facebook-síðu lögreglunnar,“ segir Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson, kynningarfulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Par auglýstum við eftir fólk til að taka þátt í þessu verkefni sem í stuttu máli gengur út á það að búa til eins konar boðorð til að fara eftir í umferðinni.“

Gunnar segir viðbrögðin hafa verið góð og þótt búið sé að velja fjórtán manns í starfshópinum geti fólk enn sett fram hugmyndir að boðorðum á Facebook-síðunni Gerum það saman. „Mér skilst að nokkur hundruð manns hafi tekið þátt í verkefninu á Facebook og það er alltaf pláss fyrir fleiri hugmyndir.“

með bílpróf síðan í vinstri umferðinni, tók það ári áður en hægri umferðin skall á. Þá var einmitt notað slagorðið „Brosu í umferðinni“ og maður tók það bókstaflega, gerði alls konar vit-

leysu en bara setti upp sparibrosið og þá var allt í lagi. Svo tók ég reyndar meirapróf og rútupróf þegar ég var tuttugu og átta ára, en ég hef aldrei nýtt mér það.“

fridrikab@frettabladid.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

grønn
apríl

Umhverfisátak

Endurvinnsla á efnum leiðir til mun minni mengunar á vatni en framleiðsla úr frumefnum. Með því að nota endurunnin efni drögum við úr eyðingu skóga og votlendis og mengun vatnsfalla og annarra staða sem eru villtum dýrum nauðsynlegir.

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkar hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is



ÁVAXTASPRENGJA

ÁVAXTAKLÚBBURINN Carl Jóhann Gränz, formaður Ávaxtaklúbbs Garðyrkjufélagsins, segir sprengingu hafa orðið í ávaxtatrjárækt undanfarin ár og ekki langt þar til íslenskir ávextir verði fánlegir í matvöruverslunum.

Ávaxtaklúbburinn er félag áhugamanna innan Garðyrkjufélagsins sem sinnir ávaxtatrjárækt á Íslandi. „Tilgangur klúbbsins er að efla áhuga fólks á ávaxtatrjárækt með fræðslu, leiðsögn, kynningum á trjám og fleiru. Þá sendum við líka út pöntunarlista til félagsmanna þar sem þeir geta pantað ávaxtatrjárækt sem kemur svo á vorin,“ segir Carl Jóhann, formaður Ávaxtaklúbbsins.

Helstu ávextirnir sem ræktanlegir eru hér á landi eru epli, plómur, kirsuber og perur. „Ávaxtaklúbburinn er í samstarfi við Landbúnaðarháskólann um að finna yrki sem henta vel við íslenskar aðstæður svo við skráum niður hvernig ræktunin gengur. Sum tré þurfa betri aðstæður og lengra sumar en er á Íslandi og því þarf að rannsaka hvaða yrki henta best. Mikil sól og gott skjól skiptir mestu máli fyrir ávaxtatré.“

Carl byrjaði sjálfur í ávaxtatrjárækt

upp úr 2010 og er í dag með um 60 tré í sumarbústaðalandi fjölskyldunnar í Grímsnesi. „Afi var með nokkur ávaxtatré í gróðurhúsi og ég tók eiginlega við af honum. Ég og pabbi erum með þessi 60 tré í Grímsnesinu og skiptumst á að huga að þeim.“ Fyrstu trjánum þar var plantað eins árs gömlum árið 2011. „Það er því í fyrsta lagi í ár sem búast má við blómum á þeim.“

Carl er sannfærður um að eftir tíu ár verði hægt að fara út í búð og kaupa íslensk epli sem ræktuð eru utandyra á Íslandi enda margir farnir að rækta. „Það sem heillaði mig við þetta er kannski svolítið rómantískt. Það var tilhugsunin um að geta rölt út í garð að morgni til og náð mér í epli með morgunmatnum.“ Carl þarf þó að bíða enn um stund áður en þessi draumur rætist, enda tekur ávaxtatrjárækt tíma. „Þetta er ekki fyrir óþolinmóða og krefst tíma, vinnu og yfirlegu.“

ÖTULL RÆKTANDI
Carl byrjaði í ávaxtatrjárækt sumarið 2010 og er nú með um 60 tré á sumarbústaðalandi í Grímsnesi ásamt föður sínum.
MYND/GVA

KLÚBBURINN
Vilji fólk kynna sér starf Ávaxtaklúbbsins er því bent á heimasíðu Garðyrkjufélagsins og Facebook-síðu þess.

ÞETTA ER **TUDOR**



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Fermingar tilboð

12 mán. vaxtalausr greiðslur*

*3.5% lántökugjald

VALHÖLL Svæðisskipt heilsudýna
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum
Stærð 120x200 cm
Tilboðsverð kr. 74.900.-

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Baldursnesi 6 - Akureyri | Listhúsið - Reykjavík

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum


Vinnustaða- skóla- og skjalaskápar



á hagstæðu verði.
Gerum tilboð í
heildarlausnir fyrir
t.d. skóla og
íþróttahús



Skjala-hjólaskápar,
þegar þú þarft
að nýta
plássíð betur




Ísold ehf.

Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á
WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00

Meirapróf



Upplýsingar og innritun í
síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 17. apríl

Á hraðleið inn í daginn

Í bítíð

Heimir og Kolla
Virka daga kl. 6.50 – 9



BYLGJAN
989



NÝTA AFGANGANA

ÍSLENSK HÖNNUN Þórunn Árnadóttir hefur hannað nýja línu húsgagna fyrir Brúnás innréttingar sem hún kallar Berg. Í línuna eru notuð efni sem annars færu til spillis. Hún frumsýndi Berg á Hönnunarmars og hlaut góðar viðtökur.

Hjá Brúnás starfa sérfræðingar í eftirlíkingum náttúrulegra steina. Mig langaði til að nýta þessa sérhæfingu og hanna vöru sem er eins konar eftirlíking af stuðlabergi," segir Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður en hún frumsýndi á Hönnunarmars þrjú box sem nýta má sem geymslu, borð og kolla. Boxin hannaði hún sérstaklega fyrir Brúnás í samstarfi við Make by Þorpið.

„Boxin eru rétt að verða tilbúin til framleiðslu og sölu. Við notum minni plötur af steinlíki frá verkstæði Brúnáss í boxin, sem venjulega eru of litlar til að nota í borðflöt í innréttingu. Þannig stuðla þau að betri nýtingu efniviðarins," útskýrir Þórunn. „Stuðlarnir eru skemmtilega geometrískir og hafa fallegt skuggaspil. Ég lék mér aðeins með að raða efninu í mynstur, svo grátónarnir í þeim annaðhvort yki þrívídd-

ina eða blekki áhorfandann. Hægt er að nýta boxin stök eða raða þeim saman á ýmsan hátt og mynda þannig stærri borðflöt sem spilar með augað.“

Þórunn sýndi Berg á samsýningu Félags vöru- og iðnhönnuða sem fram fór í Hörpu á Hönnunarmars. Hún segir sýninguna hafa gengið vel og boxin hafa vakið talsverða athygli.

„Þau fengu frábærar viðtökur og ég fékk umfjöllun á nokkrum bloggsíðum, meðal annars Disegno Daily og Dezeen, sem eru báðar mikið lesnar síður og vinsælar um allan heim. Það er alltaf frábært að ná til svona miðla til að vera sýnileg á alþjóðlegum vettvangi og auðvitað góðs viti þess að maður sé að gera eitthvað áhugavert," segir Þórunn. Nánar má forvitnast um hönnun Þórunnar á vefsíðunni www.thorunn-design.com.

■ heida@365.is

NÁNAR

Berg er unnið í samstarfi við Make by Þorpið og er hluti af stærra samstarfsverkefni þar sem kostir og möguleikar til vöruþróunar og framleiðslu á Austurlandi eru kannaðir. Lesa má um framgang verkefnisins á <http://make.is/Thorunn-Arnadottir/>.

EINS OG BÚTASAUMUR

PERSÍA KYNNIR Ýmiss konar mottur urðu afar vinsælar þegar gólfefni breyttust. Nú eru flest heimili með parket eða flísar á gólfum.

Verslunin Persía hefur um árabil selt klassísk teppi með mismunandi mynstrum og litum. Nýlega hóf verslunin að selja patchwork-teppi eða bútasaumsteppi. Þessi teppi þykja hentug til að tengja saman nútíma-stíl við þann klassíska, eftir því sem Sigurður Sigurðsson, eigandi verslunarinnar, segir. „Mynstur og litir klassískra teppa eiga oft uppruna aftur í aldir. Tíðarandi hverju sinni hefur þó áhrif á vinsældir. Litirnir taka mið af því sem er að gerast í umhverfinu og fylgja þannig tiskustraumum. Í dag eru ljósir litir áberandi svo og hlýir litir.

Mynstur eru hins vegar eitthvað sem breytist lítið, helst eru áherslubreytingar þannig að ein tegund er ríkjandi einn áratuginn en önnur þann næsta. Tabriz-mynstur (persneska stjarnan) var til dæmis mjög vinsælt á 8. og 9.



áratugnum en í dag eru símynstruð teppi meira áberandi.

Á hinni árlegu teppasýningu Domotex í Þýskalandi, sem haldin var í janúar, veðjuðu framleiðendur á að patchwork-teppin með bútasaumsútlitinu væru þau sem koma skyldi en sala á þeim hefur farið fram úr björtustu vonum á þessu ári," segir Sigurður.

NÝR STÉLL

Sigurður Sigurðsson hjá Persíu segir að mottur með bútasaumsútliti séu að ryðja sér til rúms. MYND/GVA

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggiltur
fasteignasali
Sími 690 0820



Íris Hall
Löggiltur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931



Eggert Mariuson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson
Sölufulltrúi
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson
Sölufulltrúi
Sími 897 5930

100% Þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaúði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

FASTEIGNASALAN BÆR

Ísbúð í austurborg Reykjavíkur til sölu



Vaxandi velta og miklir möguleikar. Rúmgott og fallett húsnæði með aðlaðandi framsetningu á vöru, góðu viðskiptavinasvæði og barnahorni. Góð staðsetning við þétta og blandaða byggð. Einkaleyfi á ísvél samkvæmt viðskiptasamningum á sínu svæði.

Núna er rétti tíminn til að kaupa ísbúð - aðal sölutíminn framundan.

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is
Auður Kristinsdóttir



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi



Elin Viðarsdóttir
Lögg. fasteignasali

Nýtt fjölbýli í Garðabæ

Miklaborg kynir: Glæsilegt nýtt sex íbúða fjölbýlishús við Ljósakur 2, 4, 6 og 8 í Akrahverfinu Garðabæ.

Íbúðirnar eru tveggja til fjögurra herbergja á bilinu 75-170 fm. Sér-inngangur er í allar íbúðir, stórar svalir og frábært útsýni. Veglegar innréttingar og tæki. Afhending frá 1. júlí 2013.

Um er að ræða 113,2 fm þriggja til fjögurra herbergja endaíbúð á annarri hæð með sér-inngangi, eign merkt 0201.

LÝSING Á MINNI ÍBÚÐUM.

Komið er inn í anddyri með fataskáp. Eldhúsið er rúmgott með góðri innréttingu og vönduðum tækjum. Stofan sem er opin inn í eldhúsið er björt og rúmgóð með góðum gluggum og útgengi út á stórar suðursvalir með útsýni. Svefnherbergið er rúmgott með fataskápum. Baðherbergið er flísalagt með góðri innréttingu og sturtu. Inn af baðherberginu er þvottahús með innréttingu. Eigninni getur fylgt um 53 fm



tómstundaráymi sem býður upp á mikla möguleika. Verð með tómstundaráymi er 29.000.000 kr. Sér-geymsla í sameign.

LÝSING Á STÆRRI ÍBÚÐUM.

Komið er inn í anddyri með fataskáp. Eldhúsið er rúmgott með góðri innréttingu og vönduðum tækjum. Stofan, sem er opin inn í eldhúsið, er björt og rúmgóð með góðum gluggum og útgengi út á stórar suðursvalir með útsýni. Möguleiki er að stúka af þriðja svefnherbergið inn af stofunni. Svefnherbergin tvö eru rúmgóð



Íbúðirnar verða afhentar í sumar.

með góðum fataskápum. Baðherbergið er flísalagt með góðri innréttingu og sturtu. Inn af baðherberginu er þvottahús með innréttingu. Eigninni getur fylgt um 53 fm tómstundaráymi sem býður upp á mikla möguleika og er verðið þá 41.500.000 kr.

FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA
820 8081
Sylvía G. Walthersdóttir
sylvia@remax.is

RE/MAX Alpha

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ruth Einarsson
sölufulltrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook



OPÍÐ HÚS

Bodáping 10-12.
Vandað 34 íbúða fjölbýlishús á 5 hæðum fyrir 55 ára og eldri. Flestar íbúðir með stæði í bílskýli. Húsið er á leit sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað. Bjartar, vel skipulagðar og vandlega innréttaðar 2ja herbergja íbúðir.
OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAG FRÁ KL 17:30-18:00



OPÍÐ HÚS

Gullsmári 9.
Vel skipulögð 3ja herbergja íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er á 9. hæð með miklu útsýni. Yfirbyggðar suðursvalir. Á jarðhæð er tengibygging sem í er fjölbreytt félagsstarf á vegum eldri borgara. Frábær staðsetning þar sem öll þjónusta er í göngufæri. Íbúðin getur verið laus við kaup-samning. OPÍÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:30-18:00



OPÍÐ HÚS

Helluvað 15.
Góð 4ra herbergja íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Eignin skiptist í forstofu, 2barnaherb, hjónaherb. baðherbergi, þvottahús. Vandað eldhús og björt og opin stofa. Glæsilegt útsýni. Möguleiki á 100% yfirtöku lána frá ÍLS.
OPÍÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:30-18:00



Seljavaðeó er til sölu.
Vel staðsettur söluturn í blandaðri byggð nálægt tveimur grunnskólum. Öflug dvd-leiga, spilakassar og lottó. Stígvaxandi íssala með ísvél frá Kjörís. Turbochef ofn fyrir pizzur, franskur og samlokur. Nammibar og pylsupottur. Gott leiguhúsnæði á sanngjörnu verði. Góðir möguleikar fyrir út-tíðjónarsama rekstraraðila.



Draghals lager- og skrifstofuhúsnæði.
Til sölu eða leigu, 721 fm atvinnuhúsnæði, eignin skiptist í 520 fm. lager og iðnaðarhúsnæði með tvennum innkeyrsludryum. Loft hæð um 4 - 5 m. Um 200 fm. skrifstofurými á 2.hæð. Rúmgott athafnasvæði er framan við húsnæðið með góðu gámaplássi. Áhv. 37,0 m. Laust strax



OPÍÐ HÚS

Hvassaleiti 58. - Eldri borgarar
3ja herbergja 114,4 fm íbúð á fyrstu hæð (jarðhæð) með hellulagðri verönd í VR-blokkinni. Mikil þjónusta. Parket og flisar á gólfum. Gott skipulag. Íbúðin er laus strax við kaup-samning.
OPÍÐ HÚS Í DAG FRÁ 16:30-17:30



OPÍÐ HÚS

Digranesvegur 20.
Nýkomin í sölu glæsileg um 140 fm sérhæð í nýlegu húsi. Stórar bjartar stofur með fallettu útsýni. Möguleiki á 5 svefnherbergjum. Vandað eldhús og rúmgott baðherbergi. Getur verið laus fljótlega.
V. 37 m. OPÍÐ HÚS Í DAG KL. 17:30 - 18:00.



Súlunes - efri sérhæð
Rúmlega 200 fm efri sérhæð með bílskúr á Arnarnesinu í Garðabæ. Fjögur rúmgóð herbergi og 2-3 stofur. Parket á gólfum. Tvö fullbúin baðherbergi. Glæsilegur aflokaður garður með stórum sólpillum og heitum potti.



Þórðarsvegur - 3ja herb.
Mjög góð um 87 fm íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Parket og flisar á gólfum. Þvottahús og vinnuherb. innan íbúðar. Gott skipulag. Áhv. 16,5 m.



Vantar eignir - Góð sala!
Óskum eftir fasteignum af öllum stærðum og gerðum á söluskrá okkar. Góð sala undanfarið. Traust og fagleg þjónusta á sanngjörnu verði. Hringdu núna í 5306500.



Jón Guðmundsson
Sölustjóri
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Páll Þórolfsson
Sölumaður
pall@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2JA HERBERGJA



SKÓLABRAUT – SELTJ.NESI. 65 ÁRA +

- 54,6 fm. einstaklingsíbúð á 3. hæð í húsi fyrir 65 ára og eldri.
- Stórkostlegt útsýni yfir Reykjanesfjallgarðinn og til Esjunnar.
- Þjónustumiðstöð í húsinu. Heitur matur í hádegi, félagsstarf o.fl.
- Íbúðin er laus til afhendingar strax.

19,2 millj.

3JA HERBERGJA



SÓLVALLAGATA- REYKJAVÍK.

- Þjört 89,9 fm. íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi í vesturbænum.
- Rúmgóðar svalir til suðvesturs. Rúmgóð stofa. 2 svefnherbergi.
- Gott göngufæri við miðborgina. Stutt er í alla þjónustu.
- Þvottaherbergi innan íbúðar. Sér stæði í bíla- geymslu.

34,5 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



BOGAHLÍÐ – RVK. 4RA – 5 HERB.

- 126,2 fm. íbúð á jarðhæð auk geymslu og bílastæðis í bíl- geymslu.
- Vandaðar innréttingar og gólfefni.
- Opið eldhús, rúmgóð setustofa, 2 svefnherb.
- Sér hellulögð verönd í suðvestur.

48,5 millj.

SÉRBÝLI



ÁLFABREKKA- KÓPAVOGI.

- Glæsilegt einbýlishús á fallgri lóð með miklum veröndum og skjólveggjum.
- Eignin er hæð og kjallari 243,0 fm. með 30,7 fm. bílskúr
- Stórar stofur. Sjónvarpsstofa. Hjónasvíta.

66,5 millj.



BOÐAGRANDI- REYKJAVÍK.

- 85,0 fm. íbúð á jarðhæð auk sér stæðis í lokuðu bílskýli.
- Útgangur á verönd út af eldhúsi og stofu.
- Þvottaherbergi innan íbúðar.
- Laus til afhendingar við kaupsamning.

24,8 millj.



STÓRAGERÐI. GLÆSILEG 3JA HERB.

- Falleg 83,7 fm. mikið endurnýjuð íbúð á 3. hæð.
- Búið að endurnýja m.a. gólfefni, baðherbergi og raflagnir.
- Suðursvalir. Fallegt útsýni úr eldhúsi, hjónaherb. og stofu.
- Stutt í skóla, leikskóla og þjónstu.

25,5 millj.



HOLTSGATA - 4RA HERB. MEÐ BÍLSKÚR.

- Vel skipulögð 95,3 fm íbúð á 3. hæð auk 47,3 fm. bílskúr
- Bílskúr er í dag innréttaður sem 2ja herb. íbúð.
- Þjört stofa. 3 herbergi. Eldhús með eldri innréttingum.
- Stórar suðursvalir út af stofu.

36,5 millj.



ESKIHOLT-GARÐABÆ

- Stórglæsilegt 375,0 fm. einbýli á frábærum útsýnisstað.
- Stórar stofur. Arinstofa. Sjónvarpsstofa. 5 herbergi. 2 baðherb.
- Eldhús með sérsmiðuðum innréttingum. 2 baðherbergi.
- Skjólögð verönd til suðurs, austurs og vesturs.

99,0 millj.



MÁVAHLÍÐ - REYKJAVÍK

- Góð 45,6 fm. risibúð í Hlíðunum.
- Þjört stofa. Eitt svefnherbergi. Baðherbergi með sturtu.
- Geymsluplass undir súð. Þvottaherbergi í kjallara.
- Góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík.

17,9 millj.



NORÐURBRÚ – SJÁLANDI GARÐABÆ

- Falleg 95,0 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu í góðu lyftu- húsi.
- Útsýnis nýtur af svölum til sjávar og að yströndinni.
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. Tvö góð herbergi.
- Sér stæði í bílageymslu.

31,0 millj.



ÁLFASKEIÐ- HFJ. NEÐRI SÉRHÆÐ

- 89,4 fermetra neðri sérhæð auk 31,4 fm. sér geymslu í kjallara.
- Stofa. Þrjú svefnherbergi
- Sameiginlegt þvottahús í kjallara.
- Opið sem er mikið upprunaleg, en í góðu ásigkomulagi.

21,9 millj.



HAMRABERG- REYKJAVÍK.

- 128,2 fm parhús á tveimur hæðum.
- Þrjú svefnherbergi.
- Góður afgirtur garður.
- Rólegt og barnvænt hverfi.

35,3 millj.



RAUÐAVALÐ – REYKJAVÍK

- Vönduð 91,3 fm. íbúð á jarðhæð.
- Sérinnangangur auk sér stæðis í bílageymslu.
- Sér hellulögð verönd til suðurs.
- Eikarinnréttingar og þvottaherbergi innan íbúðar.

23,9 millj.



SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR-REYKJAVÍK

- 103,6 fm. íbúð á 2. hæð í góðu steinhúsi.
- Íbúðin hefur verið nokkuð endurnýjuð á sl. árum.
- Suðursvalir. Nýleg innrétting í eldhúsi. 2 herbergi (mögul. á 3)
- Góð íbúð í hjarta miðborgarinnar.

32,5 millj.



STRAUMSALIR- KÓPAVOGI. 5 HERB.

- 5 herbergja 138,2 fm. íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi.
- 4 svefnherbergi. Um 12 fm. svalir í suðvestur.
- Mahogny í eldhúsinnréttingu, skápum og hurðum.
- Stórkostlegt útsýni.

36,9 millj.



ÞJÓRSÁRGATA- REYKJAVÍK.

- 112,4 fm. einbýlishús á tveimur hæðum.
- Mikið endurnýjuð húseign.
- 439,5 fm. eignarlóð.
- Mögulegt að byggja bílskúr á lóðinni.

52,9 millj.



HVANNALUNDUR

HVANNALUNDUR- GARÐABÆ

Glæsilegt 206 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum bílskúr. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanförmum árum. Samliggjandi stofur með útgengi í sólskála. Fjögur herbergi. Falleg ræktuð lóð með veröndum og skjólveggjum. Eignin er vel staðsett á frábærum stað innst í lokaðri botnlagagötu í sunnanverðum Lundum í Garðabæ. Verð 56,9 millj.



SKÚLAGATA 20. ÚTSÝNISÍBÚÐ FYRIR ELDRI BORGARA.

OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00 Glæsileg 99,0 fm. 3ja herbergja íbúð á 5. hæð í vönduðu fjölbýlishúsi fyrir eldri borgara auk sér stæðis í bílageymslu. Íbúðin nær í gegnum húsið frá norðri til suðurs og er með útgengi á yfirbyggðar flisalagðar suður- svalir. Rúmgóðar og bjartar stofur. Tvö svefnherbergi. Afar fallegt útsýni er úr íbúðinni til norðurs út á Sundin, að Esju, höfninni, Skarðsheiði og víðar. Íbúðin er laus til afhendingar fjótlega. Verð 39,0 millj. Eignin verður til sýnis á morgun. Íbúð merkt 0505. Verið velkomin.

SÉRBÝLI



HÖRGLUNDUR- GARÐABÆ

- Vandað 3443 fm. einbýlishús á tveimur hæðum neðarlega í Lundum.
- Frábært fjölskylduhús. Geta verið allt að 7 svefnherbergi.
- Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Tvöfaldur bílskúr.
- Skjólgóð verönd til suðurs. Matjurtagarður á baklóð.

82,9 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



KLAPPARSTÍGUR

- Glæsileg 176,2 fm. útsýnisíbúð á tveimur efstu hæðum.
- Sér stæði í bílageymslu. Þrennar svalir til norðurs, austurs og suðurs.
- Glæsilegar stofur. Sjónvarpsstofa með gólfsíðum gluggum.
- Mikil lofthæð er á efri hæð. Stórkostlegt útsýni út á sundin.



MARKARVEGUR- REYKJAVÍK.

- Glæsilegt 422,4 fm. þrjú einbýlishús að meðt. 30,0 fm. bílskúr.
- Frábær staðsetning á kyrrlátum stað neðst í Fossvoginum.
- Auðvelt er að útbúa 3ja herb. aukabúð í kj. hússins.
- Innréttingar eru allar úr ljósum viði. 5 sér bílastæði á framlóð.

115,0 millj.



HÖRDUKÓR 3- KÓPAVOGI. 4RA HERBERGJA.

- Björt og vel skipulögð 115,9 fm. 4ra herbergja íbúð á 8. hæð.
- Stórar og bjartar stofur. Yfirbyggðar svalir.
- Frábært útsýni úr herbergjum, stofum og af svölum
- Sér stæði í bílajakallara.

31,5 millj.



JÖKLAFOLD- REYKJAVÍK.

- 190,5 fm. einbýlishús að meðt. 30,7 fm. samb. bílskúr.
- Húsið er timburhús, klætt með steniklæðningu.
- Stofa og borðstofa. 4 herbergi auk fataherbergis.
- Steypt aðkoma. Viðhaldslítill lóð með steyptri verönd.

45,9 millj.



SOGAVEGUR-REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ

- 122,9 fm 3ja – 4ra herbergja efri sérhæð auk bílskúrs.
- Afar vel innréttað eign. Sérsmíðaðar innréttingar.
- Samliggjandi stofur. 2 herbergi. 2 baðherbergi.
- Extra háar innihurðir. Halogenlýsing. Eikarparket og flísar.

46,9 millj.



LEIÐHAMRAR- REYKJAVÍK

- 170,0 fm parhús með innb. 28,6 fm. bílskúr.
- 4 svefnherbergi.
- Stórkostlegt útsýni af efri hæð.
- Vel staðsett eign við opið svæði.

49,9 millj.



RÁNARGATA – REYKJAVÍK.

- 82,1 fm. íbúð á 1. hæð í þessu fallega steinhúsi.
- Lítil stúdíóíbúð í kjallara.
- 2 svefnherbergi á hæðinni. Nýleg innrétting í eldhúsi.
- Eign sem er í útleigu í dag. Góðar leigutekjur.

29,5 millj.

SUMARBÚSTAÐIR



SUMARHÚS Í LANDI LÆKJARBOTNA, BLÁSKÓGABYGGÐ

- 70,8 fm sumarhús á 8.180 fm. eignarlóð.
- Mikill gróður. Grjóta rennur um landið. Veiðiréttur.
- 100 fm. viðarverönd við bústaðinn.
- Frábær fjallasýn í allar áttir.

19,5 millj.

BYGGINGARLÓÐ

GARÐPRÝÐI- GARÐABÆ. BYGGINGARLÓÐ

1.444 fermetra byggingarlóð undir einbýlishúsi á grónum stað í hraunjaðri við Álftanesveginn. Lóðin er byggingarhæf nú þegar, en gatnagerðargjöld eru ógreidd. Vestan við lóðina er opið og óbyggt svæði og nýtur útsýnis frá lóðinni yfir það svæði og til sjávar.

Verð 9,9 millj.

EIGNIR ÓSKAST

- Sérhæð í Þingholtum
- Sérhæð á Högum eða Melum.
- Sérhæð við Ægisíðu með sjávarútsýni
- Parhúsi við Hávallagötu eða hæð og ris við Sól-vallagötu fyrir erlendan aðila. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign
- Einbýli í Þingholtum
- Höfum kaupendur að nokkrum 2ja – 3ja herbergja íbúðum í póstnúmeri 101. Staðgreiðsla í boði.
- Einbýlis- rað- og parhús í Garðabæ.
- Einbýlishús með fjórum svefnherbergjum í Mýrum eða Hæðum í Garðabæ fyrir mjög traustan aðila.

ATVINNUHÚSNÆÐI



FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI Í MIÐBORGinni

- Tvær heilar húseignir auk 250 fm. byggingarréttar á frábærum stað í Þingholtunum.
- Mögulegt að fá keyptan ca. 600 fermetra byggingarrétt til viðbótar á aðliggjandi lóð.
EGILSHÖLL

OBLIVION	KL. 5:30 - 8 - 10:30
BURT WONDERSTONE	KL. 5:50 - 8 - 10:20
G.I. JOE: RETALIATION 3D	KL. 8 - 10:30
SIDE EFFECTS	KL. 10:20
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 5:50
JACK THE GIANT SLAYER 2D	KL. 5:30
KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI	
OBLIVION	KL. 5:20 - 8 - 10:40
BURT WONDERSTONE	KL. 5:50 - 8 - 10:10
SIDE EFFECTS	KL. 8 - 10:20
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 5:50
AKUREYRI	
BURT WONDERSTONE	KL. 5:50 - 8 - 10:10
JACK THE GIANT-SLAYER	KL. 5:50
SIDE EFFECTS	KL. 10:10
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 8

VORTILBOÐ

20-50%
afsláttur af öllum heilsurúmum

Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm

á 30-40% afslætti.



12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing*

Rafmagnsrúm á verði frá **190.049,-**
12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**
12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497,-**

* Einungis er greitt 3,5% lántökugjald.

VORTILBOÐ

Frí heimsending á hjónarúmum eða tókum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóðum?
- Vaknarðu oft með verki í mjóðum?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
 - hryggskekkju
 - brjóska
 - samföllnum hryggjaliðum
 - spengdum hryggjaliðum
 - gigt, til dæmis:
 - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu



VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is





MARKI FAGNAD Kolbeinn fagnar marki sínu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Mikilvægt mark Kolbeins

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson og félagar í Ajax eru komnir í mjög vænlega stöðu í baráttunni um hollenska meistaratitilinn.

Liðið er með fimm stiga forskot á toppnum eftir gríðarlega mikilvægan sigur, 2-3, á útivelli gegn PSV Eindhoven. Kolbeinn skoraði fyrsta mark leiksins fyrir Ajax en hann fór svo af velli fjórum mínútum fyrir leikslok. Kolbeinn er óðum að finna sitt fyrra form hjá Ajax eftir langvarandi meiðslu.

Íslensku strákarnir í hollenska boltanum voru annars í stuði í gær en þrír þeirra komust á blað. Alfred Finnogason skoraði tvö mörk fyrir Heerenveen sem vann góðan sigur á Willem II, 3-2.

Alfred er búinn að skora 23 mörk í hollensku deildinni í vetur og er næst markahæstur. Hann jafnaði einnig met Péturs Péturssonar yfir flest mörk skoruð í efstu deild erlendis á einu tímabili. Pétur skoraði 23 mörk fyrir Feyenoord leiktíðina 1979-80.

Aron Jóhannsson stimplaði sig síðan inn í lið AZ Alkmaar með sínu fyrsta marki fyrir félagið. Það kom í 6-0 sigri á Utrecht. Aron kom af bekknum og skoraði á 90. mínútu eftir sendingu frá Jóhanni Berg Guðmundssyni. - hbg

Allt þetta tal er bara öfund

Teitur Örylgsson, þjálfari Stjörnunnar, segir að allt tal um að Stjarnan tefli fram dýrasta liði í sögu Íslands og sé lið Sameinuðu þjóðanna geri ekkert annað en að þjappa sínum mönnum saman. Stjarnan er skrefi frá fyrsta Íslandsmeistaratitlinum í sögu félagsins en úrslitarimman gegn Grindavík er handan við hornið.

KÖRFUBOLTI Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, hélt því fram í rímu sinni við Stjörnuna í undanúrslitum Dominos-deild karla að Stjarnan væri að tefla fram dýrasta liði Íslandssögunnar. Það eru ekki einu neikvæðu ummælin sem Stjörnumenn hafa mátt þola í vetur.

Því er iðulega haldið á lofti að liðið sé með fjóra útlendinga og gárungarnir hafa á stundum kallað það lið Sameinuðu þjóðanna. Hjá Stjörnunni eru tveir Íslendingar sem eru af erlendu bergi brotnir - Justin Shouse og Jovan Zdravevski - ásamt tveim Bandaríkjamönnum.

„Svona ummæli þessa okkur upp frekar en annað. Um leið og menn fara í svona umræður finnst mér það vera uppgjöf og veikleikamerki,“ sagði Teitur Örylgsson, þjálfari Stjörnunnar.

„Við erum með nákvæmlega sama lið og í fyrra nema að það eru nýir útlendingar hjá okkur eins og hjá öðrum.“

Teitur segir að umræðan um ríkisfang þeirra Shouse og Zdravevski komi reglulega upp.

„Hvenær ertu Íslendingur? Hann stendur í skólanum á morgnana, fer í búðina á leið heim úr vinnu og kaupir sér þorramat í flottu lopapeysunni sinni. Hann greiðir skatta til samfélagsins og borgar laun hjá fólki sem er á bótum og rífur kjaft. Svo eru til íslenskir leikmenn sem hafa varla unnið handtak og eru að fá greitt svart. Hvor þessara tveggja er meiri Íslendingur?“

Teitur segir sitt lið eðlilega njóta



BLÆS Á ALLT TAL UM OFURLAUN Teitur Örylgsson skilur ekki af hverju talað er um Stjörnuna sem eitthvað sérstaklega dýrt lið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

góðs af því að hafa menn eins og Shouse og Zdravevski í sínu liði.

„Þetta eru samt ekki fyrstu gaurarnir sem fá ríkisborgarétt. Við erum með sama lið og síðustu ár en með betri útlendinga og okkur gengur betur. Þá kemur kannski öfund. Maður heyrði þetta ekki í fyrra. Öfundin er hluti af þessu. Þegar menn tapa þá fara þeir í alls kyns pakka. Hvað eigum við að senda Justin og Jovan í önnur lið? Myndu þau segja nei við því að fá þá? Við erum lánsamir að hafa þessa menn og svona umræða fellur alltaf um sig sjálfa.“

Teitur furðar sig einnig á umræðunni um að þetta sé dýrasta lið Íslandssögunnar.

„Það er þvæla að Bandaríkjamennirnir séu sérstaklega dýrir. Þeir eru ekki nálægt því að vera dýrustu Kanarnir í deildinni,“ sagði Teitur en hermt hefur verið að maður eins og Jarrid Frye væri með um 500 þúsund krónur í mánaðarlaun hjá Stjörnunni.

„Ætli það sé ekki um helmingi minna. Ætli Kanarnir á Íslandi séu ekki með um 215 til 260 þúsund krónur á mánuði. Einhverjir eru kannski dýrari en þeir komu

þá síðasta sumar. Þeir sem koma síðar eru þá með lausan samning og fást á minni pening,“ sagði Teitur. En hvað með Íslendingana?

„Marvin var búinn að spila í 1. deildinni í mörg ár og það virtist enginn hafa áhuga á honum er við náðum í hann. Sá hefur heldur betur staðið sig. Fannar var orðin áttundi eða níundi maður hjá ÍR er hann kom til okkar. Hann er fyrirliði okkar og byrjunarliðsmaður. Jovan er örugglega ekki á miklum launum eftir árið í fyrra. Hann er örugglega að borga til baka. Þessi umræða er bara þvæla. Það eru engin rök fyrir þessu tali og við nýtum okkur svona umræðu til þess að þjappa okkur saman.“

Teitur er að klára sitt fjórða ár með Stjörnuliðið og það hefur styrkst með hverju ári. Er hann loksins kominn með liðið sem fer alla leið?

„Þetta er örugglega sterkasta liðið sem ég hef verið með í höndunum. Ég hef ekki þurft að þúsla miklu saman því þá voru Justin, Jovan og Fannar þarna en þetta eru þrír byrjunarliðsmenn. Liðið var aftur á móti búið að vinna einn leik og tapa níu er ég kem að því. Liðið var þá neðst í deildinni. Kjarninn hefur verið til staðar lengi,“ sagði Teitur og bendir á að sitt lið hafi alltaf fallið úr leik gegn sterku liði.

„Síðustu þrjú ár hefur liðið sem við töpuðum gegn orðið Íslandsmeistari. Stefnan er að breyta því að þessu sinni,“ sagði Teitur en Stjarnan hefur aldrei orðið Íslandsmeistari í körfubolta.

henry@frettabladid.is

VORUM AÐ
BÆTA VIÐ
BÍLUM!

Notaðir JEPPAR Á TILBOÐI

JEPPAVEISLA Í BRIMBORG TIL SUMARDAGSINS FYRSTA

KOMDU Í
BRIMBORG
Í DAG

Verð frá 1.690.000 kr.

Afsláttur
allt að 750.000 kr.

Kíktu á
notadir.brimborg.is
og finndu bílinn þinn

Komdu í dag

Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bildshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.

FORD EXPLORER JEPPAR Á FRÁBÆRU VERÐI.

ÁRGERÐIR 2005-2008, BENSÍN, SJÁLFSKIPTIR. TAKMARKAÐ MAGN

Ford Kuga og Ford Escape jeppar einnig á frábæru tilboðsverði.

*Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndinni í auglýsingunni.

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

Öruggur staður til að vera á

ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

STOKE - MAN. UTD	0-2
0-1 Michael Carrick (45.), 0-2 Robin van Persie, víti (82.).	
NEWCASTLE - SUNDERLAND	0-3
0-1 Stephane Sessegnon (27.), 0-2 Adam Johnson (74.), 0-3 David Vaughan (82.).	
ARSENAL - NORWICH	3-1
0-1 Michael Turner (56.), 1-1 Mikel Arteta, víti (85.), 2-1 Olivier Giroud (88.), 3-1 Lukas Podolski (90.+2).	
ASTON VILLA - FULHAM	1-1
1-0 Charles N'Zogbia (55.), 1-1 Fabian Delph, sjm (66.).	
READING - LIVERPOOL	0-0
EVERTON - QPR	2-0
1-0 Darron Gibson (40.), 2-0 Victor Anichebe (56.).	
SOUTHAMPTON - WEST HAM	1-1
1-0 Gaston Ramirez (59.), 1-1 Andy Carroll (66.).	

STADAN									
Man. United	32	26	2	4	73-33	80			
Man. City	31	19	8	4	57-27	65			
Arsenal	32	17	8	7	64-35	59			
Chelsea	31	17	7	7	61-33	58			
Tottenham	32	17	7	8	55-40	58			
Everton	32	14	13	5	51-37	55			
Liverpool	33	13	11	9	59-40	50			
West Brom	32	13	5	14	42-43	44			
Swansea	32	10	11	11	43-42	41			
Fulham	32	10	10	12	44-48	40			
Southampton	33	9	11	13	47-54	38			
West Ham	32	10	8	14	36-45	38			
Newcastle	33	10	6	17	42-59	36			
Norwich	33	7	14	12	31-52	35			
Sunderland	33	8	10	15	37-45	34			
Stoke	33	7	13	13	28-41	34			
Aston Villa	33	8	10	15	36-60	34			
Wigan	31	8	7	16	37-57	31			
QPR	33	4	12	17	29-54	24			
Reading	32	5	9	19	36-63	24			

ENSKI BIKARINN

CHELSEA - MAN. CITY	1-2
0-1 Samir Nasri (35.), 0-2 Sergio Aguero (47.), 1-2 Demba Ba (66.).	
WIGAN - MILLWALL	2-0
1-0 Shaun Maloney (25.), 2-0 Callum McManaman (78.).	



HEITUR Aguero fagnar hér flottu marki sínu í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

Manchester City mætir Wigan í úrslitaleiknum

City lagði Chelsea í stórslagnum - Van Persie skoraði.

FÓTBOLTI Man. City komst í gær í úrslitaleik ensku bikarkeppinnar. Liðið skellti þá Chelsea, 2-1, í leiknum sem var stillt upp sem hinum eiginlega úrslitaleik keppinnar.

City mætir nefnilega Wigan í úrslitaleiknum en Wigan lagði Millwall á laugardag. Sá leikur var ekki alveg eins spennandi.

„Þetta er alveg frábært og stórkostlegur dagur fyrir félagið,“ sagði Vincent Kompany, fyrirlíði City, eftir leikinn. „Stemningin var ótrúleg á þessum leik og vonandi verður hún ekki síðri í úrslitaleiknum gegn Wigan. Stefnan var alltaf að vinna titla og við verðum að vera álíka beittir gegn Wigan. Sá leikur skiptir nú mestu máli.“

Chelsea vildi fá víti í stöðunni 2-1 er Kompany virtist brjóta á Fernando Torres.

„Mér fannst þetta bara vera frábær varnarleikur. Ég setti skrokkinn fyrir hann og gerði allt löglegt.“

Svona er fótboltinn og þetta var heiðarlega háður slagur hjá tveimur góðum liðum.“

Rafa Benitez, stjóri Chelsea, var ekki alveg sammála Kompany.

„Þetta var klárt víti. Myndirnar sýna að það er ekki spurning. Við hefðum líka getað nýtt færin okkar betur en þetta var ekki okkar dagur,“ sagði Spánverjinn.

Í ensku úrvalsdeildinni bar helst til tíðinda að Man. Utd er aftur komið með 15 stiga forskot í deildinni. United lagði Stoke í gær þar sem Robin van Persie skoraði eftir að hafa spilað tíu leiki í röð án þess að skora.

Markið var reyndar „bara“ úr víti en Van Persie fagnaði markinu innilega og hljóp alla leið til stjórans síns, Sir Alex Ferguson.

„Hann var næstum því búinn að drepa mig. Hann gleymdi því að ég er orðinn 71 árs gamall,“ sagði Ferguson léttur.

- hbg

VIKUTILBOÐ

SPANHELLUBOÐ

**30%
AFSLÁTTUR**

TILBOÐ KR: 97.900.-

ÁÐUR KR: 139.900.-



IT612

Afi: 7,1 Kw

Hraðhitun á öllum hellum

(PowerBoost)

Viðvörðunarljós um heitar hellur

Barnalæsing

Stærð (BxD) 60x51

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Reykjavík • Skútvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnísvegur 2 • Sími: 4600 800
Reykjarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020

RÖNNING

Ódýrt fyrir heimilin í landinu

Fersk Langa **37% afsláttur**

Öll langa **1.190 kr.kg**



Tilboðið gildir alla vikuna

Eitt verð 1.190 kr.kg

Langa ferskar steikur	1190
Löngusteikur í raspi	1190
Löngusteik Lemmon Kóríander	1190
Löngusteikur Indian karrí	1190
Löngusteikur Mangó Chili	1190
Löngugúllas með fersku grænmeti, hvítlauk og oregano	1190
Löngugúllas með fersku grænmeti, Chilie og lime	1190

Hvað er langa?

Langa er þéttur, hvítur, góður fiskur. Langa er miklu þéttari en ýsa og þorskur, en ekki eins þéttur og skötuselur.

Langa er t.d. mjög góð pönnusteikt. Velt upp úr hveiti og svo eggj og krydduð með salti og pipar. Einnig bragðast hún vel ofnbökuð, t.d. með mangóchutney fersku grænmeti og smá rjóma. Langa er líka góð sem saltfiskur. Íslendingar eru ekki vanir að borða löngu sem saltfisk en Spánverjar og Ítalir borða mikið löngu sem saltfisk. Töluvert mikið er flutt út af löngu sem saltfisk.

Langa hefur verið mest seldi grillfiskurinn hjá mér á sumrin á eftir laxi. Þannig að það eru margir sem vita og hafa smakkað löngu. Ég ráðlegg ykkur að prófa hana, fyrir þetta verð **1.190 kr.kg** roðlaus og beinlaus fiskur, þá er þetta kærkomin búbot fyrir heimilin í landinu.



Tinna og Kári best

Íslandsmótið í badminton fór fram um helgina.

BADMINTON Þau Kári Gunnarsson og Tinna Helgadóttir urðu í dag Íslandsmeistarar í einliðaleik í badminton. Kári var að vinna annað árið í röð en Tinna sigraði síðast árið 2009.

Kári lagði Atla Jóhannesson í tveimur lotum, 21-13 og 21-18. Kári býr og æfir í Kaupmannahöfn en kom heim til þess að verja titilinn og gerði það með glans.

Tinna lagði Snjólaugu Jóhannsdóttur í tveimur lotum, 21-14 og 21-14. Þetta er í annað sinn sem hún verður Íslandsmeistari.

Helgi Jóhannesson og Magnús Helgason urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik. Þeir lögðu þá Atla Jóhannesson og Kára Gunnarsson í úrslitum, 21-19 og 22-20.

Elín Þóra Elíasdóttir og Rakel Jóhannsdóttir unnu tvíliðaleik-



KÁT Magnús og Tinna fagna sínum titli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

inn hjá konunum. Þær lögðu Snjólaugu Jóhannsdóttur og Karítas Ósk Ólafsdóttur í úrslitum, 21-13, 14-21 og 21-19.

Systkinin Magnús Ingi og Tinna Helgabörn urðu Íslandsmeistarar í tvenndarleik en þau lögðu Helga Jóhannesson og Elínu Þóru Elíasdóttur í þremur lotum. - hbg

Bikarmeistarar þriðja árið í röð

Það er ekkert lát á góðu gengi liðs Alfreðs Gíslasonar, Kiel, sem lyfti bikar í gær.

HANDBOLTI Íslendingaliðið Kiel varð í gær þýskur bikarmeistari í handknattleik. Þetta er þriðja árið í röð sem lærisveinar Alfreðs Gíslasonar vinna bikarinn en þeir eru einnig Þýskalands- og Evrópu-meistarar.

Kiel lagði Flensburg, 33-30, í úrslitaleiknum sem var mögnuð skemmtun. Íslendingarnir í liði Kiel áttu frábæran leik en Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sjö mörk og Aron Pálmarsson fimm. Voru þeir afar sterkir er Kiel sigldi fram úr í síðari hálfleik.

Ólafur Gústafsson komst ekki á blað í liði Flensburg en hann fékk lítið að reyna fyrir sér í sóknarleik liðsins.

Kiel vann auðveldan sigur á Melungen í undanúrslitum á meðan Flensburg lagði Hamburg eftir



MEISTARAR Strákarnir í Kiel lyfta hér enn einum bikarinn. Þeir þreytast seint á því. NORDICPHOTOS/BONGARTS

framlengdan leik. Undanúrslitin fóru fram á laugardeginum og allir

leikirnir voru spilaðir í Hamburg líkt og áður. - hbg

Geimstöðvargámurinn hans

Það var öllu tjaldað til þegar Jónar fluttu tól og tæki fyrir kvikmyndina **Oblivion**, sem kvikmynduð var á Íslandi í fyrra. Einni bíómynd fylgir mikil vinna og margir sem koma að slíku verki.

Sérstakar ráðstafanir þurfti svo vegna geimstöðvarinnar enda passaði hún ekki í neinn gám sem fyrir var.

Man. Utd er vinsælast

FÓTBOLTI Manchester United er vinsælasta enska knattspyrnu-liðið á meðal Íslendinga samkvæmt könnun Þjóðarpúls Capacent. Úrtakið var 1.422 Íslendingar en svarhlutfallið var 60 prósent.

Samkvæmt könnuninni halda 19 prósent Íslendinga með Manchester United en Liverpool er næstvinsælasta liðið. 17 prósent Íslendinga halda með Liverpool.

Arsenal er þriðja vinsælasta liðið á landinu en 7,6 prósent styðja Skytturnar. 46,2 prósent svarenda héldu ekki með neinu sérstöku liði í ensku úrvalsdeildinni.

Manchester United og Liverpool eru sigursælustu lið sögunnar á Englandi. United hefur hampað enska meistaratitlinum 19 sinnum en Liverpool 18 sinnum.

-sáp

Alonso var hraðastur í Sjanghæ

Spánverjinn Alonso upp í þriðja sætið í stigakeppninni eftir keppnina í Kína.

FORMÚLA 1 Ferrari-ökuþórin Fernando Alonso vann kínverska kappaksturinn í Sjanghæ í gær eftir að Ferrari-liðið stillti upp frábærri keppnisáætlun. Finninn Kimi Raikkönen varð annar í Lotus-bílum.

Keppnin var spennandi alveg til enda og leiddu fjölmargir mótið á mismunandi tímum. Dekkin skiptu miklu máli enda voru mýkri dekkinn nánast ónothæf vegna þess hve hratt þau eyddust. Sebastian Vettel og Jenson Button ásamt Nico Hulkenberg ræstu því á harðari gerðinni og það gerði þá alla á mismunandi tímum að mögulegum sigurvegum.

Ferrari-bílarirnir tveir náðu frábæru starti og komust á undan Raikkönen fyrir fyrstu beygju. Startíð hjá Finnanum var lélegt en



FAGNAÐ Hamilton sprautar hér kampavíni yfir Alonso í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

hann hélt þó fjórða sætinu fyrstu hringina. Hamilton þurfti svo fljótlega að víkja úr fyrsta sætinu

fyrir Alonso og Massa.

Hamilton varð á endanum þriðji en þurfti að hafa fyrir því á síðasta hring þegar Vettel sótti hart að honum. Aðeins sekúndubrot skildu þá að þegar yfir endalínuna var ekið. Jenson Button varð fimmti fyrir McLaren og Felipe Massa sjötti.

Daniel Ricciardo í Toro Rosso varð sjöundi eftir að hafa átt stórkoslegar tímatökur á laugardag og staðið sig vel í gær. Paul di Resta náði að sigla Force India-bílum í höfn í áttunda sæti á undan Roman Grosjean og Nico Hulkenberg.

Vettel leiðir enn stigabaráttuna með 52 stig en Kimi Raikkönen er nú með 49 og Alonso 43. Það lítur því út fyrir að titilbaráttan verði jöfn og skemmtileg í ár.

- bph

Komnar í úrslit EHF-bikarsins

HANDBOLTI Íslendingaliðið Team Tvis Holstebro komst í dag í úrslit EHF-bikarsins þrátt fyrir tap, 23-17, gegn Midtjylland um helgina.

Holstebro vann fyrri leikinn með sjö marka mun og skreidd því inn í úrslitaleikinn með eins marks mun.

Landsliðskonan Þórey Rósa Stefánsdóttir og Rut Jónsdóttir léku báðar með Holstebro í leiknum. Þórey Rósa skoraði þrjú mörk en Rut lét sér eitt mark nægja að þessu sinni.

Liðið mun mæta Metz frá Frakklandi í úrslitum.



s Jóns

Jónar
Transport

> Stöð 2 kl. 21.45

Game of Thrones

Fjörð heldur áfram í þáttaröðinni Game of Thrones á Stöð 2 í kvöld. Þetta er þriðja þáttaröðin og hún var tekin upp að hluta til á Íslandi. Þátturinn er sýndur innan við sólarhring eftir frumsýningu í bandarísku sjónvarpi.



Á HVAD ERTU AÐ HORFA?

DÓRA HRUND GÍSLADÓTTIR MYNDLISTARKONA

Sjónvarpslaus Ég er reyndar ekki með sjónvarp á heimilinu svo ég fylgist því ekki með mörgu. Ég horfi frekar á heimildarmyndir á netinu eða fer í bíó.



STÖÐ 2, MIÐ, 01.30



1 Girls Lúxus næs skvísuþættir og nokkuð raunsær, en önnur sería var því miður að klárast.

RÚV, 20.00



2 Dýralíf Ég elska dýr, og reyndar alla fræðslumynflokka á RÚV á mánudagskvöldum. Human Body og Human Planet voru ótrúlegir.

STÖÐ 2, 21.45



3 Game of Thrones Flóknir rómansar, svik og prettir og hárrúðir menn í loðfeldum. Hvað er hægt að biðja um meira?

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.40 Veðurfregnir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Orð um bækur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Hlustarinn 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Bak við stjórnurnar 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Okkar á milli 21.10 Ópus 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Samfélagið 22.30 Albúmið: The Cure - Disintegration 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

RÚV

- 15.30 Silfur Egils (e)
- 16.50 Landinn (e)
- 17.20 Fæturnir á Fanneyjar
- 17.31 Spurt og sprellað
- 17.38 Töfrahnötturinn
- 17.51 Angelo ræður
- 17.59 Kapteinn Karl
- 18.12 Grettir
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Draumagarðar (1:4) (Drömmehaver) (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfregnir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Dýralíf - Jarðkattarsaga (5:5) (Planet Earth Live: A Meerkat's Tale) Fræðslumyndaflokkur frá BBC. Textað á síðu 888 í Textavarp.
- 21.00 Löðrungurinn (7:8) (The Slap) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfregnir
- 22.20 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið (Vinstrihreyfingin grænt framboð) Katrín Jakobsdóttir situr fyrir svörum um stefnumál Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs.
- 22.55 Glæpurinn III (9:10) (Forbryðelsen III) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.55 Kastljós (e)
- 00.20 Fréttir
- 00.30 Dagskrárlok

BÍÓ

- 12.40 Ice Age
- 14.00 Dodgeball: A True Underdog Story
- 15.35 The Seven Year Itch
- 17.20 Ice Age
- 18.40 Dodgeball: A True Underdog Story
- 20.15 The Seven Year Itch
- 22.00 Milk
- 00.05 Savage Grace
- 01.40 From Paris With Love
- 03.10 First Snow
- 04.50 Milk

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In The Middle (5:22)
- 08.30 Ellen (123:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (59:175)
- 10.15 Wipeout
- 11.05 Making Over America With Trinny & Susannah (1:7)
- 11.50 Hawthorne (6:10)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 America's Got Talent (15:32) (16:32)
- 15.10 ET Weekend
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (124:170)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.55 Kosningar 2013 - nýju framboðin
- 19.50 New Girl (6:24) Frábærir gamanþættir um Jess og sambylismenn hennar þrjá, en samskipti þeirra eru vægast sagt skopleg.
- 20.15 Glee (14:22)
- 21.00 Suits 2 (2:16) Önnur þáttaröðin um hinn eiturnalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lifibrauð sitt af því að taka margvísleg próf fyrir fólk gegn greiðslu.
- 21.45 Game of Thrones (3:10) Þriðja þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros.
- 22.40 Big Love (3:10) Fimmta serían um Bill Henrickson sem lifir svo sannarlega margföldu lífi.
- 23.40 Modern Family (18:24)
- 00.05 How I Met Your Mother (17:24)
- 00.25 Two and a Half Men (11:23)
- 00.50 White Collar (3:16)
- 01.30 Episodes (7:7)
- 02.00 The Killing (11:13)
- 02.45 Borderland
- 04.25 Suits 2 (2:16)
- 05.10 Fréttir

SPORT

besta sætið

- 07.00 Chelsea - Man. City
- 14.00 2013 Augusta Masters Útsending frá lokahringnum á bandaríska meistaramótinu í golfi.
- 19.00 Dominos-deildin 2013
- 21.00 Spænsku mörkin
- 21.30 Ensku bikarmörkin
- 22.00 Meistaradeild Evrópu: fréttabáttur
- 22.30 Spænski boltinn: At. Bilbao - Real Madrid
- 00.10 Dominos-deildin 2013

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Stoke - Man. Utd.
- 14.55 Everton - QPR
- 16.35 Sunnudagsmessan
- 17.50 Premier League Review Show 2012/13
- 18.45 Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 20.30 PL Classic Matches: Tottenham - Chelsea, 1997
- 21.00 Premier League Review Show 2012/13
- 22.00 Football League Show 2012/13
- 22.30 Newcastle - Sunderland

krakkar

- 07.00 Lalli
- 07.15 Refurinn Pablo
- 07.20 Áfram Diego, áfram!
- 07.45 Waybuloo
- 08.05 Svampur Sveinsson
- 08.25 Könnuðurinn Dóra
- 08.50 Daddi litli og Eyrnastór
- 09.00 UKI
- 09.05 Strumparnir
- 09.30 Histeria!
- 09.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 10.10 Ævintýri Tinna
- 10.35 Ofurhundurinn Krypto
- 11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
- 17.05 Tommi og Jenni
- 17.30 Ofurhetjúsersveitin
- 17.55 iCarly (30:45)

POP TV

- 17.05 Simpson-fjölskyldan (2:22) Það eru stórraddir sem heyrast í þættinum að þessu sinni og má þar nefna raddir Mick Jagger, Elvis Costello, Lenny Kravitz, Keith Richards og fleiri og fleiri.
- 17.30 ET Weekend
- 18.15 Gossip Girl (20:24) Fimmta þáttaröðin um líf fordekraða unglínga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist.
- 19.00 Friends (22:25)
- 19.25 Simpson-fjölskyldan (20:25)
- 19.50 How I Met Your Mother (6:24)
- 20.10 Don't Tell the Bride (4:6)
- 21.10 FM95BLÖ Tækifæri á að sjá það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
- 21.30 The Lying Game (10:20) Dramatískir spennuþættir frá höfundinum Pretty Little Liars, og fjalla um einnig tvíburasystur sem voru aðskildar við fæðingu. Örlög þeirra urði gjörólík, önnur ólst upp í fátækt, hin í vellystingum. Þegar sú fyrrnefnda kemst að sannleikanum ákveður hún að hafa uppi á systur sinni og þá fara dularfullir atburðir að gerast.
- 22.15 The O.C (17:25) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Þriðja þáttaröð.
- 23.00 Don't Tell the Bride (4:6)
- 23.55 FM 95BLÖ
- 00.15 The Lying Game (10:20)
- 00.55 The O.C. (17:25)
- 01.45 Tónlistarmyndbönd Popptíví

GULL

- 18.20 Doctors (11:175)
- 19.00 Ellen (124:170)
- 19.40 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
- 20.45 Eldsnögg með Jóa Fel
- 21.20 The Practice (12:13)
- 22.05 Eldsnögg með Jóa Fel
- 22.35 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
- 23.40 The Practice (12:13)
- 00.30 Tónlistarmyndbönd Popptíví

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.45 Judging Amy (8:24) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 Top Gear USA (7:16)
- 19.05 America's Funniest Home Videos (13:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
- 19.30 Everybody Loves Raymond (6:25)
- 19.55 Will & Grace (11:24)
- 20.20 Parenthood (2:16) Þetta er þriðja þáttaröðin af Parenthood en þættirnir eru byggðir á samnefndri gamanmynd frá 1989.
- 21.10 Hawaii Five-0 (8:24) Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum. Skjólstaðingur sálfræðings er myrtur og böndin beinast að meðferðaraðilanum sem var með óhreint mjöl í poka-horninu.
- 22.00 CSI (15:22) CSI eru einir vinsælustu þættir frá upphafi á SkjáEinum. Ted Danson er í hlutverki Russel yfirmanns rannsóknardeildarinnar í Las Vegas.
- 22.50 CSI: New York (1:22) Vinsæl bandarísk sakamálaþáttaröð um Mac Taylor og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
- 23.30 Law & Order: Criminal Intent (7:8)
- 00.20 The Bachelorette (10:12)
- 01.50 Hawaii Five-0 (8:24)
- 02.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 07.10 Ryder Cup 2012 (2:3)
- 18.00 Golfing World 18.50 Ryder Cup 2012 (3:3)
- 01.10 Golfing World 02.00 ESPN America

INN

- 20.00 Bubbi og Lobbi 20.30 Eldhús meistaranna
- 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Suðurnesjamagasín

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun



- Einn eigandi
- Lítið ekinn
- Hlaðinn aukabúnaði

Mercedes-Benz E 200 NGT Kompressor

Árgerð 2008, bensín/metan, 164 hestöfl, sjálfskiptur, ekinn 37 þús. km.

Álfelgur, fjarlægðarskynjarar, leðuraklæði, glertoppluga, hiti í sætum, hraðastillir, loftkæling, rafdrifin sæti, Xenon aðalljós o.fl.

Verð 5.590.000 kr.

Afborgun 46.250 kr. á mánuði í 60 mánuði*

*M.v. 65% útborgun eða uppitökubíll að sambærilegu verðmæti og bilasamning ERGO í 60 mánuði. 9,7% óverðtrygðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 12,3%.



Gæðabíll

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



nettó

Kræsingar & kostakjör

FISKUR Á GÓÐU VERÐI!

STEINBÍTUR

OKKAR STEINBÍTUR
ROÐLAUS OG BEINLAUS

798

ÁÐUR 998 KR/KG

EGILLS KRISTALL
MEXICAN LIME 2L

198

ÁÐUR 268 KR

26% AFSLÁTTUR

PÍTUBUFF
MEÐ 6 BRAUÐUM

993

ÁÐUR 1.168 KR/STK

25% AFSLÁTTUR

ÖMMUBOLLUR
800 G

599

ÁÐUR 798 KR/STK

VÍNARPYLSUR
GÓÐI 10 STK

548

ÁÐUR 577KR/PK

FAGFISK LAXAFLÖK
SNYRT

26% AFSLÁTTUR

1.390

ÁÐUR 1.879 KR/KG

Tilboðin gilda 15-16 apríl.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Ég myndi alveg örugglega setja Pál Óskar á fóninn og hlusta á Allt fyrir ástina. Ég er forfallinn aðdáandi Palla og hann kemur mér alltaf í stuð.“

Björn Ingi Halldórsson, stofnandi stefnu-mótasíðunnar Makaleit.is.

Rappari snýr aftur eftir 16 ára hlé

Ragna Kjartansdóttir, betur þekkt sem Cell 7 úr rappsveitinni Subterranean, vinnur að nýrri sólóplötu.

„Ég er búin að vera með þessa hugmynd í maganum í mörg ár og nú er þetta loksins að verða að veruleika,“ segir Ragna Kjartansdóttir sem gefur út sína fyrstu sólóplötu í haust.

Ragna er þekkt úr rappsveitinni Subterranean en sextán ár eru síðan sveitin gaf síðast frá sér efni. Platan er fyrsta sólóverkefni Rögnu sem í byrjun þessa árs fékk styrki fyrir gerð hennar frá bæði Hlaðvarpanum og menntamálaráðuneytinu. „Boltinn byrjaði að rúlla í byrjun árs en ég hef verið með hugann við tónlistina þó að ég hafi ekki gefið neitt út síðastliðin ár.“

Ragna heldur listamannsnafninu sínu, Cell 7, frá tímanum í Subterranean og segir það hafa sína kosti og galla að vera ein á báti í tónlistarsmiðinni. Hún er menntaður hljóðmaður frá New York og starfar nú sem hljóðmaður hjá Stúdíó Sýrlandi. „Rappið er fjölbreytt og mér leiðist að tala um það sem eina tónlistarstefnu. Platan verður rappplata en þó ekki rapp í sínu hreinasta formi.“

Ef allt gengur að óskum ætlar Ragna að koma fram á rappkeppninni Rappþulan 2013 sem fer fram þann 19. apríl.

- áþ



PLATA Á LEIÐINI Ragna Kjartansdóttir gefur út sína fyrstu sólóplötu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Ítalía heillar 11. - 18. júní

192.600 KR.-
Mjög mikið innifalið

á mann í tvíbyli.
Gist verður við Lago Maggiore í 4 nætur og við Comovato í 3 nætur.

LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | URVALUTSYN.IS

Um ferðina:

Þar sem Alþjóðin teygja sig suður á Ítalíu liggja nokkur undurfögur stöðuvötn, sum tilheyra alfarið Ítalíu, önnur eiga líka landamæri að Sviss. Í þessari fallegu ferð gefst einstakt tækifæri til að kynna nánar þessu einstaka svæði á Norður-Ítalíu.

Fararstjóri: Hlíf Ingibjörnsdóttir

Listasýning byggð á verkum litlu frænku

Leikkonan Anna Gunnús Guðmundsdóttir gefur út hljómplötu með frænku sinni Bjarneyju Önnu Jóhannesdóttur, en hún er greind með Asperger-heilkenni. Í stað útgáfutónleika standa frænkurnar fyrir listasýningu á Akureyri.

Anna Gunnús Guðmundsdóttir leikkona er um þessar mundir að vinna að uppsetningu listasýningar í Hlöðunni í Litla-Garði á Akureyri í samstarfi við Bjarneyju Önnu Jóhannesdóttur, frænku sína.

„Sýningin byggir í rauninni á verkum litlu frænku minnar, Bjarneyjar Önnu, sem er mjög fjölbær listakona. Hún er greind með Asperger-heilkenni og hefur verið að vera að semja tónlist, sögur og texta og mála og teikna og er mjög skapandi á eiginlega öllum sviðum,“ segir Anna Gunnús.

Nú eru þær frænkur að leggja lokahönd á hljómplötu sem ber titilinn Rat Manicure, en hún kemur út í vikunni. „Platan inniheldur lög eftir Bjarneyju, þar sem hún spilar á öll hljóðfærin og syngur líka.“

Sýningin er hugsuð sem nokkurs konar umgjörð í kringum plötuna, í stað útgáfutónleika, en í ljósi þess að Bjarney spilar bæði á öll hljóðfærin og syngur, yrðu útgáfutónleikar flóknir í framkvæmd.

Sýningin verður opnuð laugardaginn 20. apríl og verður opin laugardag og sunnudag þá helgi og helgina á eftir frá 14-18.

„Við byggjum litla heima í kringum hvert lag og reynum að flétta inn einkennum þess að vera á einhverfurófinu. Sýningargestirnir fá að upplifa lögin einir í sínum bás, sem er hannaður í kringum þetta tiltekna lag. Þannig fá þeir næði til þess að hlusta á lagið og verða fyrir sjónrænni upplifun í leiðinni.“ Þannig fær myndlist Bjarneyjar líka pláss í sýningunni.

Gestir geta komið hvenær sem



SKAPANDI SKÖRUNGAR Frænkurnar Anna Gunnús og Bjarney Anna sitja ekki aðum höndum heldur gefa bæði út hljómplötu og opna listasýningu.

MYND/AÐUNN NIELSSON

Algengara hjá drengjum en stúlkum

Talið er að allt að 5-7 af hverjum 1.000 séu með Asperger-heilkenni og að það sé 5-10 sinnum algengara hjá drengjum en stúlkum. Einkenni Asperger eru mörg hin sömu og í einhverfu en taka til færri hegðunarpátta og eru sjaldan eins sterk.

er á opnunartíma, en sýningin verður opin sem fyrr segir tvær helgar, fjóra tíma í senn, í Hlöðunni, Litla-Garði, sem er beint á móti flugvællinum á Akureyri.

Aðrir aðstandendur sýningarinnar eru Jóhannes Fossdal og Einar Aðalsteinsson og fjölskylda og vinir hafa einnig lagt hönd á plóg. Verkefnið er styrkt af Evrópu unga fólksins.

halla@frettabladid.is

„Við byggjum litla heima í kringum hvert lag og reynum að flétta inn einkennum þess að vera á einhverfurófinu.“

Efldu einbeitinguna



20% afsláttur í apríl!

Efldu einbeitinguna og auku líkamlegt þol með töku Arctic Root og Fjörefna.

netto

Sýna kærleik í verki á tónleikum

Tónlistarfólk tekur höndum saman með Kærleikssjóðnum og heldur tónleika til styrktar Landssamtökum foreldra sem misst hafa börn sín í skyndidauða.

Kærleikssjóður Stefaníu var stofnaður fyrir nfu árum af foreldrum Stefaníu Guðrúnar Pétursdóttur sem lést af slysförum 18 ára að aldri. Sjóðurinn stendur nú fyrir tónleikum í Háskólabíói fimmtudaginn 18. apríl klukkan 20. Þar munu koma fram margir af helstu tónlistarmönnum landsins, meðal annars Bubbi, Stebbi og Eyfi, KK og Ellen, Magni og Ragnheiður Gröndal. Eyþór Ingi mun svo flytja Eurovision-lagið Eg á líf.

Þriðjungur ágóðans mun renna til nýstofnaðra Landssamtaka foreldra sem misst hafa börn sín í skyndidauða. Lena Rós Matthíasdóttir er framkvæmdastýra samtakanna. „Foreldrar sem missa börn með skyndilegum hætti, af slysförum, vegna skyndilegra veikinda eða sjálfsvíga upplifa gífurlegt áfall sem þau hafa ekki getað búið sig undir með nokkrum hætti,“ segir Lena. „Samtökin voru stofnuð til að styðja þessa foreldra, miðla þekkingu, benda á viðburði og fleira.“ Auk þess geta foreldrar sótt um hvíldargistingu í Skálholti og á Hólum í Hjaltadal. Tvisvar



KÆRLEIKSSJÓÐUR STEFANÍU var stofnaður í minningu Stefaníu Guðrúnar Pétursdóttur. Hún lést af slysförum 18 ára.

á ári munu samtökin standa fyrir fræðsluviðburðum. „Í haust munum við halda fræðslu fyrir fjölskyldur barna á grunn-skólaaldri, því áfallið er auðvitað mikið að missa systkini.“

Miða á Kærleikstónleikana má nálgast á midi.is og í verslunum Brims á Laugavegi og í Kringlunni.

MIKILVÆGT VERKEFNI Sr. Lena Rós Matthíasdóttir er framkvæmdastýra Landssamtaka foreldra sem hafa misst börn í skyndidauða. MYND/GVA



VAXTALAUSAR
12 MÁN
 AFBORGANIR
 3,5% lántökugj.

EINFÖLD ÁKVÖRÐUN
VELDU ÖRYGGI
 FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

ÞÚ PASSAR HANN VIÐ PÖSSUM ÞIG



Continental

NANKANG

Hankook
 driving emotion

Mastercraft
 JEPPEDEKK



Dekkjaverkstæði



Smurþjónusta



Smáviðgerðir



Hjólstillingar



Bremsuklossar



Rúðupurrkur




Rúðuvökvi



Rafgeymar



Peruskipti



SÓLNING
Renndu við

www.solning.is

Smiðjuvegi 68-70, Kópavogi ☎ 544 5000
 Hjallahrauni 4, Hfj ☎ 565 2121
 Raudhelli 11, Hfj ☎ 568 2035
 Fitjabraut 12, Njarðvík ☎ 421 1399
 Eyrauvegi 33, Selfossi ☎ 482 2722

– UMBODSMENN UM LAND ALLT –

FRÉTTIR AF FÓLKI

Pönnukökubakstur í Kringlunni

Elín Hirst blés í blöður og bauð gestum og gangandi upp á pönnukökur og kleinur í Kringlunni í gær. Elín stóð þó vaktina ekki ein því Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Bryndís Loftsdóttir voru með henni og kynntu baráttumál flokksins fyrir fólki. Friðrik Friðriksson, eiginmaður Elínar, sagði sig úr kosningastjórn Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi á föstudag eftir að hafa hvatt Bjarna Benediktsson í tvígang til að segja af sér formennsku.



Miðað við pönnukökubakstur gærdagsins virðist þó ekki hafa slest upp á vinskapi þeirra Bjarna og Elínar.

Frægir á Holtinu

Listahátíðinni Sequences lauk í gær en hún hafði þá staðið yfir í tíu daga. Á laugardag sýndu listamennirnir Huginn Þór Arason ásamt Benna Hemm Hemm, Haraldur Jónsson,



Hildigunnur Birgisdóttir og Anna Hrund Másdóttir, Sigurður Ámundason og fleiri verk sín á Hótel Holt. Mikill fjöldi var viðstaddur og má þar nefna tónlistarmanninn Megas, listamanninn Ragnar Kjartansson, Janus Bragason leikstjóra og Högna Egilsson söngvara í Hjalta-lín. -sm

Mest lesið

- 1 Leitinn að Önnu Kristínu engan árangur borið
- 2 Tveir frambjóðendur hlotið dóma fyrir líkamsárás og fíkniefnalagabrot
- 3 Maður í vélhjólageri handtekinn fyrir líkamsárás
- 4 Einstaklingsframboðin ógild í nær öllum kjördæmum
- 5 Ríkustu Íslendingarnir halda með Liverpool

„Hrikalega spennandi saga ...“ GEFLE DAGBLAÐ

NÝ KILJA

KRISTÍNA ÓHLSSON

www.forlagid.is
- alvöru bókabúð á netinu

23" SKJÁTÖLVA

SKJÁTÖLVA MEÐ SNERTISKJÁ!

Hin fullkomna heimilistölva. Skjátölva með Intel i3 og 23" HD snertiskjá. Snertiskjærinn hentar sérstaklega vel fyrir börnin í leiki. Hægt er að halla skjánum um 20° og festa á vegg. Þráðlaust lyklaborð og mús, HD vefmyndavél fyrir myndsamtöl og Dolby hljóðkerfi fyrir myndböndin og tónlistina.

TILBOÐSVERÐ

189.990

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



TEKUR MINNA PLÁSS

Acer skjátölvan tekur litið pláss á borði og er glæsilega hönnuð. Hún kemur með VESA festingu að aftan þannig að hægt er að festa hana á vegg.

BÖRNIN ELSKA SKJÁTÖLVUR

Vegna tilkomu spjaldtölvunnar eru nú til þúsundir leikja fyrir börn og fullorðna sem fullnýta kosti snertiskjásins í skjátölvum. Að leika sér í skemmtilegum leik á 23" skjá er stórskemmtilegt. Hægt er að halla skjánum um 0-20° á borði.

FULLKOMINN SNERTISKJÁR

Snertiskjærinn er 10 punkta sem þýðir að skjárinn getur numið 10 fingur í einu. Windows 8 stýrikerfið er hannað til notkunar á snertiskjám og nýtur sín einstaklega vel í þessari tölvu.

INTEL I3 ÖRGJÖRVI

Örgjörvinn skiptir höfuðmáli. Með 3.4 GHz Intel Core i3 örgjörva vinnur hún hratt og skilar því sem maður ætlast til af góðri tölvu. 6 GB vinnsluminni sem hægt er að stækka í 16GB.

HÁSKERPA ALLA LEIÐ

HDMI tengi inn og út breytir tölvunni í stóran skjá fyrir minni tæki og gefur einnig kost á að tengja tölvuna beint í sjónvarp.

DOLBY HOME THEATER V4

Vandaðir hátalarar gefa kraftmikinn Dolby hágæðahljóm. Það skiptir máli að hafa góðan hljóm fyrir myndböndin á netinu, tónlistina og bíómyndirnar.

ALLT ÞRÁÐLAUST

Það eykur þægindin í notkun tölvunnar að losna við snúrurnar með því að hafa þráðlausa mús og lyklaborð.

ÓTAL TENGIMÖGULEIKAR

HDMI inn og út. 4 x USB 2.0 tengi. 2 x USB 3.0 tengi. Kortalesari fyrir SD kort. 100 gigabit netkort. Bluetooth 4.0.

STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS



OPIÐ

Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16



REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750